# FRÉTTABLAÐIÐ

165. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. JÚLÍ 2016




Franskur ferðamaður sem féll af ísbrún ofan í á í Sveinsgili fannst í gærkvöld eftir ákafa leit við mjög erfiðar aðstæður. Unnið var að því þegar Fréttablaðið fór í prentun að ná ferðamanninum úr ánni og veitti lögregla ekki nánari upplýsingar um stöðu mála á þeim tímapunkti. Sjá síðu 6 MYND/SIGURÐUR BJARKI ÓLAFSSON

## Starfið lagt niður en fær launahækkun í kjararáði

**STJÓRNSÝSLA** Kjararáð hækkaði laun Karls Gauta Hjaltasonar, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, í 1,2 milljónir króna þótt leggja eigi skólann niður í lok september.

Karl Gauti á rétt á ársbiðlaunum bjóðist honum ekki annað sambærilegt starf hjá ríkinu eða einkaaðilum. Laun Karls Gauta hækka afturvirkt til 1. janúar 2015.

Ákvörðun kjararáðs kemur í kjölfar bréfs sem Karl Gauti sendi ráðinu 9. desember 2015, áður en frumvarp um að leggja Lögregluskóla ríkisins niður kom fram.

Ekki hefur náðst í Jónas Þór Guðmundsson, formann kjararáðs, eða starfsmenn ráðsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

„Þessi mikla hækkun hjá hópi sem hefur haft mjög góð laun eykur á ójöfnuð í samfélaginu og verður ekki án afleiðinga. Hún kallar auglóslega á að fleiri hópar fái leiðréttingu á launum vegna mikils álags,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB. – ih / sjá síðu 6

> **Þessi mikla hækkun hjá hópi sem hefur haft mjög góð laun eykur á ójöfnuð í samfélaginu.**
>
> Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB




### Fréttablaðið í dag



**SPORT** Barcelona valdi Ísland til að hýsa fyrsta fótbotlaskólann fyrir stelpur. 26

**SKOÐUN** Gunnlaugur Stefánsson skrifar um dekrið við skrumið. 24

**MENNING** Kvikefni er yfirskrift sýningar Önnu Rúnar Tryggvadóttur. 32

**LÍFIÐ** Helgi Björns og Boogie Trouble sameina krafta sína fyrir Innipúkann. 42

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hægt vaxandi suðaustanátt og þykknar upp sunnanlands í dag, 8-18 metrar undir kvöld, hvassast syðst. Rigning S- og V-lands í kvöld, en annars skýjað. Hiti víða 10 til 17 stig. SJÁ SÍÐU 36



**Niðurrif var kært.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hefja endurreisn Exeterhúss

**REYKJAVÍK** Byggingarleyfi fyrir frekara niðurrifi Exeterhúss við Tryggvagötu var veitt Mannverki á þriðjudag.

„Þeir klára niðurrifið og halda svo áfram framkvæmdinni og reisa húsið í gömlum stíl í umsjón Minjastofnunar Íslands,“ segir Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Exeterhúsið var rifið af Mannverki í apríl. Það var byggt árið 1904 og var friðað. Reykjavíkurborg kærði Mannverk vegna framkvæmdarinnar og kærunni verður haldið til streitu þótt framkvæmdir séu hafnar.

„Þetta er og verður lögreglumál,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, en samkvæmt hegningarlögum getur niðurrifið varðað allt að þriggja ára fangelsi eða sektum.

Ávallt mun hafa staðið til að endurbyggja bæði Tryggvagötu 10 og 12 í upprunalegri mynd en með viðbótum, kjallara og aukahæð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

„Það er skýrt skilyrði fyrir áframhaldandi framkvæmdum að Exeterhúsið verði byggt í þessum gamla stíl sem er kallaður bindingsverksstíll. Þá læsa trébitarnir sig hver í annan, enn fremur að framkvæmdin verði gerð í samstarfi við Minjastofnun, það er ekki gott fyrir neinn að reiturinn standi lengi auður,“ segir Hjálmar. **– kbg**

## Norrænir danstaktar



**Þjóðdansafélag Reykjavíkur stendur um þessar mundir fyrir norrænu þjóðdansamóti. Tvö hundruð góðir gestir frá öllum Norðurlöndunum eru nú á landinu vegna mótsins. Dansinn var stiginn í veðurblíðunni á Ingólfstorgi í Reykjavík í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Braut gegn meðalhófsreglu

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið telur Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, hafa brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga í máli fíkniefnalögreglumanns sem var vikið úr starfi, og hefur fellt ákvörðun lögreglustjórans úr gildi.

Þá segir í úrskurði innanríkisráðuneytisins að Sigríður Björk hafi fyrst og fremst byggt ákvörðun sína á orðrómi frekar en gögnum. Lögreglumaðurinn var til rannsóknar vegna meintra brota í starfi en málið gegn honum var fellt niður.

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri sagði á Stöð 2 í gær embættið taka málið mjög alvarlega. Ákvörðunin hafi verið byggð á formlegri tilkynningu ríkissaksóknara. Embættið myndi vinna í samræmi við þessa niðurstöðu. Ráðuneytið gerði aðrar og meiri kröfur til embættisins en það hefði staðið frammi fyrir í öðrum málum. **– kbg**




# Leiðbeiningar á stýrið fyrir erlenda ökumenn

**Bílaleigur landsins hafa fengið ný stýrisspjöld. Erlendir ökumenn eru upplýstir um hvað ber að varast í umferðinni. Samtök ferðaþjónustunnar takast á við ný vandamál sem fylgja fjölgun ferðamanna í umferðinni. Áhersla er á bílbeltin.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bílaleigur hafa nú fengið ný spjöld þar sem ökumenn eru upplýstir með myndrænum hætti um hvað helst beri að varast í umferðinni.




**Zack Fry frá Ohio í Bandaríkjunum skoðar nýja stýrisspjaldið.** MYND/SAF

Spjöldin sem hengd eru á stýri bílaleigubílanna eru unnin af Samtökum ferðaþjónustunnar í samstarfi við viðbragðsaðila og stofnanir á borð við Vegagerðina og innanríkisráðuneytið.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að mikið væri um það að ferðamenn á bílaleigubílum úti á landi stöðvuðu bílinn skyndilega á miðri götu eða úti í vegarkanti til að taka myndir. Vandamálið er vel þekkt meðal leiðsögumanna og hefur Vegagerðin einnig miklar áhyggjur af þessu og stefnir að því að koma fyrir útskotum víða á vegum landsins í von um að það komi í veg fyrir hættuna sem getur skapast.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar þarf að takast á við ný vandamál í umferðinni með auknum fjölda ferðamanna. Til dæmis þurfi að upplýsa ferðamenn sem eru ekki frá Evrópu um þá staðreynd að það sé bundið í lög í landinu að nota bílbelti. Þá þurfi að kenna fólki að aka í lausamöl.

„Það er mismunandi hvernig ökumenn haga sér í umferðinni miðað við það landsvæði sem þeir búa á og er tilgangur spjaldanna að gera þeim grein fyrir því hvaða öryggisatriði þurfi að hafa í huga á Íslandi. Þar er meðal annars mjög skýrt bent á notkun bílbelta,“ segir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnisstjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Gunnar bætir við að í greiningu Samgöngustofu um það hver sé vilji þjóðarbrota til að nýta bílbelti komi

> **Það er mismunandi hvernig ökumenn haga sér í umferðinni miðað við það landsvæði sem þeir búa á.**
>
> Gunnar Valur Sveinsson, verkefnisstjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar

fram að talsverður munur sé á vestrænum þjóðum og þeim sem koma annars staðar frá.

Texti spjaldanna eru á ensku en ökumenn hafa einnig val um að fá upplýsingabæklinga á sex öðrum tungumálum.

„Viðskiptavinir kunna mjög vel að meta að fá sem mestar upplýsingar um vegakerfið og umferðarmenninguna áður en þeir leggja af stað. Það er engin spurning að sú vinna stuðlar að bættu öryggi allra í umferðinni,“ segir Sigurður Gunnarsson hjá bílaleigunni Route 1. **nadine@frettabladid.is**


Grillað grænmeti
TÓMATAR
1 Skerið í tvennt og penslið með ólífuolíu, sjávarsalti og pipar.
2 Grillið sárið í 1 mín.
3 Snúið við, setjið pestó og parmesanost yfir.
4 Grillið þar til osturinn bráðnar.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

# Eigendur illa farna hússins við Hraunteig vilja fá leyfi til rífa það og byggja nýtt í staðinn

**SAMFÉLAG** „Það er verið að teikna nýtt hús,“ segir Sjöfn Sigurgísladóttir, nýr eigandi hússins og lóðarinnar á Hraunteig, sem hefur valdið bæði ónæði og óþægindum í Laugarneshverfi.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að í næstum áratug hafi þaklaust hús á Hraunteignum fengið að grotna niður með tilheyrandi óþægindum, svo sem rottugangi, hústökumönnum, illgresi og óþrifnaði. Kona í næsta húsi segir húsið mikið lýti í grónu hverfi.

En þetta kemur til með að breytast á næstu misserum þar sem hjón festu kaup á lóðinni og húsinu. Þau segjast ætla að rífa húsið og byggja nýtt á lóðinni.

Sjöfn og eiginmaður hennar keyptu húsið í nóvember í fyrra.

„Það verður farið í framkvæmdir fljótlega,“ segir Sjöfn. „Þetta er ákveðið ferli og tekur svolítinn tíma.“

Hjónin hafa lokað öllum gluggum og dyrum svo ekki sé hægt að komast í húsið. Sjöfn biður nágranna um að hafa samband ef það er opnað aftur og umgangur er í húsinu eða ónæði. **– ebg**

> **Það er verið að teikna nýtt hús og það verður farið í framkvæmdir fljótlega.**
>
> Sjöfn Sigurgísladóttir, eigandi Hraunteigs 3



**Í níu ár hefur enginn búið á Hraunteigi 3 en það kemur til með að breytast á næstu misserum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Obama ásamt lögreglustjóra Dallas.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Obama hvetur til samstöðu

**BANDARÍKIN** „Við erum ekki jafn sundurþykk og lítur út fyrir,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti á þriðjudag í ávarpi sínu á minningarathöfn í Dallas um lögreglumennina fimm, sem féllu þar í skotárás í síðustu viku.

Obama lýsti aðdáun sinni á lögreglu og mótmælendum sem tóku höndum saman þegar skothríðin stóð yfir.

„Allir voru að hjálpast að. Það snerist ekkert um svart eða hvítt. Allir voru að hjálpast að við að flytja fólk burt,“ sagði hann. „Þetta er sú Ameríka, sem ég þekki.“ **– gb**

## Boris Johnson í ríkisstjórnina

**BRETLAND** Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri í London, verður nýr utanríkisráðherra í ríkisstjórn Theresu May. Johnson var einn þeirra sem stýrðu kosningabaráttu aðskilnaðarsinna í kosningunni um hvort Bretland ætti að slíta sig frá Evrópusambandinu eður ei.

Johnson tekur við af Phillip Hammond sem tekur við stöðu fjármálaráðherra. George Osborne, fráfarandi fjármálaráðherra, hefur ákveðið að hætta þingstörfum.

Michael Fallon heldur stöðu sinni sem varnarmálaráðherra. Liam Fox verður næsti ráðherra erlendra viðskipta. Hann hefur áður verið í ríkisstjórn en hann sagði af sér sem varnarmálaráðherra árið 2011. **– bösé**

# Telja samninga leiða til ofbeitar

**Nýtt styrktarfyrirkomulag við sauðfjárbændur eykur framleiðslu á landsvæðum sem ekki bera meiri ágang sauðfjár, að mati fjárbónda. Slíkt kerfi sé tilgangslítið þar sem ekki sé eftirspurn eftir öllu kjöti sem framleitt er í dag. Formaður sauðfjárbænda á Ströndum segir tugi milljóna fara úr héraðinu vegna samninganna.**

**LANDBÚNAÐUR** Sauðfjárbændur á Vestfjörðum og Ströndum eru gríðarlega óánægðir með nýjan búvörusamning sem nú er til skoðunar í atvinnuveganefnd Alþingis. Sauðfjárbændur samþykktu samninginn í mars með 60,4 prósentum atkvæða gegn 37,3 prósentum.

Formenn félaga sauðfjárbænda á Vestfjörðum og í Strandasýslu telja að nánast enginn á þeirra svæði hafi samþykkt samninginn.

„Í vor létum við reikna út fyrir okkur hvernig samningurinn kæmi í heild út fyrir svæðið. Þeir útreikningar sýndu það sem við vissum fyrir, að þetta eru jaðarfjandsamlegir samningar,“ segir Jóhann Pétur Ágústsson, formaður Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum.

Samkvæmt sauðfjársamningnum verður greiðslumark lagt niður í núverandi mynd. Hingað til hafa bændur sem telja sig þurfa ríkisstuðning geta keypt sig inn í kerfið með þeim hætti en nú á að hætta þessum stuðningi á næstu tíu árum og taka frekar upp sjóð sem styrkir alla með jafnari hætti, óháð því hversu mikinn stuðning viðkomandi þarf.

Jóhann Pétur segir að samningurinn sé framleiðsluhvetjandi því bændur fá greitt hærra framleiðslugjald og gripagjald. Það sé ekki endilega jákvætt.

„Mín skoðun er að aukning framleiðslunnar verði á svæði sem ber hana ekki. Þá fara menn að ganga á landgæði. Þetta er mjög heimskulegur samningur og ekki í neinni sátt við landgræðslu,“ segir Jóhann Pétur.

Ítrekaðar fréttir hafa verið sagðar af því síðastliðin ár að kjötfjöll standi eftir að hausti þegar kemur að sláturtíð. Framboð sé langt umfram eftirspurn.



**Sauðfjárbændur á Vestfjörðum samþykktu fæstir búvörusamninginn að mati formanna félaga þeirra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Er það eitthvað sem almenningur vill? Að ríkisstuðningur komi á hvert framleitt kíló sem svo er selt úr landi?**
>
> Jóhann Pétur Ágústsson, formaður Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum



> **60%**
>
> **þeirra sauðfjárbænda sem greiddu atkvæði samþykktu nýja búvörusamninginn.**

Jóhann Pétur segir að ekki hafi gengið vel að selja og að sláturleyfishafar hafi lækkað afurðaverð, til dæmis hafi afurðaverð á ærkjöti lækkað verulega.

„Þannig að það er ekkert í spilunum sem segir að það eigi að fara út í þá vitleysu að búa til samning sem hvetur til framleiðslu. Menn eru alltaf að tala um einhverjar patentlausnir núna og sjá fyrir sér að eyða einum milljarði í markaðssetningu í útlöndum á samningstímanum. En síðastliðin þrjátíu ár hefur Ameríka alltaf verið að koma en svo gerist ekkert,“ segir Jóhann Pétur og spyr:

„Er það eitthvað sem almenningur vill? Að ríkisstuðningur komi á hvert framleitt kíló sem svo er selt úr landi?“

Jóhann Ragnarsson, bóndi í Laxárdal á Ströndum og formaður sauðfjárbænda í Strandasýslu, segir blóðugt að sjá hvernig stuðningurinn er fluttur af landsvæðinu og til bænda sem stunda sauðfjárbúskap með öðrum störfum eða sem áhugamál.

„Það er náttúrulega landbúnaðarráðherra sem þá var, Sigurður Ingi Jóhannesson af Suðurlandi, og formaður Bændasamtakanna, sem er Vestlendingur, sem gera þennan samning. Þeir eru að semja fyrir sín héröð.“

Á Ströndum var gerð skýrsla um áhrif búvörusamningsins á bændur. „Það eru ekkert sérstaklega margir bændur í Strandasýslu en það fara 50 milljónir út úr héraðinu bara á síðasta ári samningsins. Það eru dæmi um að bændur tapi milljónum.“ **snaeros@frettabladid.is**






# Þarf ekki stórvirkjun fyrir sæstrenginn

**ORKUMÁL** Orkuþörf sæstrengs frá Íslandi til Bretlands verður að miklu leyti uppfyllt með bættri nýtingu á núverandi kerfum. Gert er ráð fyrir að einungis komi 250 megavött úr hefðbundnum virkjanakostum, ígildi innan við helmings Kárahnjúkavirkjunar.

Þetta segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjun. Hann segir útilokað að meta það hvenær sæstrengur geti orðið að veruleika.

„Ég er mjög ánægður með skýrsluna um þjóðhagsleg áhrifin á Íslandi og Bretlandi, það er áhugavert að skýr áhugi Breta komi fram. Bretar staðfesta að það komi til greina að nýta styrkjakerfi sem öll orkuver sem byggð eru í Bretlandi njóta,“ segir Hörður. Mörgum spurningum sé þó enn ósvarað.

Hörður segir að orkuþörfin fyrir sæstreng komi að mjög miklu leyti út úr nýjum smærri kostum eins og litlum vatnsaflsvirkjunum, vindorku og lághita/jarðhita sem ekki er verið að nýta í dag. „Þetta er ekki fyrst og fremst stór virkjunarframkvæmd.“

Hörður ítrekar að mikilvægt sé að blanda ekki umræðunni um sæstreng saman við hvað Landsvirkjun ákveður að virkja. „Sæstrengur mun ekki breyta því hvernig við flokkum okkar virkjanakosti. Skýrslan styður að þetta geti rúmast innan þeirra áforma sem virðist ágæt sátt um á Íslandi.“

Hörður telur að til skemmri tíma litið muni ákvörðun Breta um að ganga úr Evrópusambandinu hafa einhver áhrif á áframhaldandi viðræður.

„Það er hins vegar mikilvægt að hafa það í huga að þessi fjárhagslegi stuðningur sem Bretar eru að veita uppbyggingu orkuvera í Bretlandi er ekki tengdur ESB. Breskt efnahagslíf er í mikilli þörf fyrir nýja raforkuvinnslu, ég hef því ekki trú á að þetta breyti miklu til lengri tíma litið,“ segir Hörður Arnarson. **– sg**

> **Sæstrengur mun ekki breyta því hvernig við flokkum okkar virkjanakosti. Skýrslan styður að þetta geti rúmast innan þeirra áforma sem virðist ágæt sátt um á Íslandi.**
>
> Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar



*7 manna* fjölskyldubíll með **SYNC II** samskiptakerfi, **8" snertiskjá** og **íslensku leiðsögukerfi**




# NÝR FORD GALAXY

› Ef þú ert að leita að rúmgóðum 7 manna bíl sem hentar erilsömu lífi fjölskyldunnar þá er Ford með bílinn fyrir þig. Glæsilegur staðalbúnaður, mikill öryggisbúnaður og framúrskarandi akstурseiginleikar gera Ford Galaxy að draumabíl fjölskyldunnar.

Meðal staðalbúnaðar er SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, 8" snertiskjár í miðjustokk, íslenskt leiðsögukerfi, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, upphitanleg framrúða og 17" álfelgur. Veglínuskynjari með umferðaskiltalesara og árekstrarvari með neyðarbremsu eru einnig hluti af staðalbúnaði Ford Galaxy.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Galaxy - komdu og prófaðu**

## FORD **GALAXY**

BEINSKIPTUR

FRÁ **5.590.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **6.150.000** KR.

FÁANLEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Galaxy er sniðinn fyrir fjölskylduna og ferðalagið. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: 10,1" TFT skjár í mælaborði, starthnappur, Ford MyKey öryggislykill, þakbogar, Auto-Start-Stop eldsneytisparnaðarkerfi og Easy Fuel. Öryggi Ford Galaxy er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. ◆ Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 120/150 hö. 6 gíra beinsk. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. ◆ Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 150 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 139 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Lögregluskóli hættir en biðlaun skólastjórans eru fyrst hækkuð

**Kjararáð hefur hækkað laun skólastjóra Lögregluskólans en leggja á starfið niður í haust. Skólastjórinn á rétt á ársbiðlaunum. BSRB segir ekki hægt að sætta sig við launahækkanir kjararáðs til ríkisforstjóra.**

**KJARAMÁL** Kjararáð hækkaði laun Karls Gauta Hjaltasonar, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, í 1,2 milljónir króna á mánuði með ákvörðun á fundi í síðustu viku. Leggja á niður starf skólastjórans ásamt Lögregluskóla ríkisins frá og með 30. september.

Karl Gauti á rétt á ársbiðlaunum bjóðist honum ekki annað sambærilegt starf hjá ríkinu eða einkaaðilum. Laun Karls Gauta hækka afturvirkt til 1. janúar 2015 og fylgja þróun launaákvarðana kjararáðs.

Alþingi samþykkti lagafrumvarp Ólafar Nordal innanríkisráðherra í maí, sem kveður á um að menntun lögreglumanna verði færð á háskólastig og Lögregluskóli ríkisins ásamt starfi skólastjórans verði lagður niður í haust. Ríkiskaup auglýsa nú eftir háskólum sem hafi áhuga á að taka námið að sér.

Karl Gauti á rétt á eins árs biðlaunum þar sem hann hefur starfað lengur en 15 ár hjá ríkinu.

Ákvörðun kjararáðs kemur í kjölfar bréfs sem Karl Gauti sendi ráðinu 9. desember 2015, áður en frumvarp um að leggja Lögregluskólann niður kom fram. Í því óskaði Karl Gauti eftir því að laun hans tækju mið af launum lögreglustjóra og sýslumanna.

Í úrskurði kjararáðs segir að ekki hafi verið úrskurðað um laun skólastjórans frá 2004. Sá úrskurður er ekki aðgengilegur á vefsíðu kjararáðs.

Nýjustu fáanlegu upplýsingar um laun skólastjóra Lögregluskólans eru í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur á Alþingi veturinn 2011 til 2012. Þar kemur fram að hann skuli fá greitt eftir launaflokki 502-133. Föst laun í þeim launaflokki eftir almenna 7,15 prósenta hækkun kjararáðs frá 1. júní eru 866 þúsund krónur á mánuði. Ekki kemur fram í svarinu hve há föst yfirvinna sé greidd með starfinu.

Eftir hækkunina nú verða föst laun skólastjórans 957 þúsund krónur á mánuði auk greiðslna fyrir 25 fasta yfirvinnutíma sem nema 239 þúsund krónum á mánuði.

Ekki hefur náðst í Jónas Þór Guðmundsson, formann kjararáðs, eða starfsmenn kjararáðs þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **ingvar@frettabladid.is**



Nýnemar í Lögregluskóla ríkisins sem leggja á niður en leitað er tilboða í starfsemina frá háskólum landsins.

## BSRB mótmælir hækkunum



BSRB segir nýja úrskurði kjararáðs í ósamræmi við SALEK-samkomulagið sem tryggja eigi að einstaka hópar hækki ekki umfram aðra sem alltaf kalli á kröfu um leiðréttingar. „Þessi hækkun ríkisforstjóra er langt umfram það samkomulag og því engin leið að hægt sé að sætta sig við hana. Þessi mikla hækkun hjá hópi sem hefur haft mjög góð laun eykur á ójöfnuð í samfélaginu og verður ekki án afleiðinga. Hún kallar augljóslega á að fleiri hópar fái leiðréttingu á launum vegna mikils álags,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB.

## Hverjir skipa kjararáð?

Kjararáð er skipað til fjögurra ára í senn. Í því sitja fimm nefndarmenn, þrír eru kosnir af Alþingi, einn er skipaður af Hæstarétti og einn af fjármála- og efnahagsráðherra. Núverandi kjararáð er skipað til 30. júní 2018.



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**
skipaður af Hæstarétti



**Svanhildur Kaaber**
kosin af Alþingi



**Hulda Árnadóttir**
skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra



**Jónas Þór Guðmundsson**
formaður kjararáðs, kosinn af Alþingi



**Óskar Bergsson**
varaformaður Kjararáðs, kosinn af Alþingi

**» Kjararáð er skipað til fjögurra ára í senn af Alþingi, Hæstarétti og fjármálaráðherra.**



Arnar Sigurmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stjórnarkjör til hlutafélagaskrár

**VIÐSKIPTI** Hlutafélagaskrá hafa borist tvær tilkynningar um nýja stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Deilur urðu á aðalfundi félagsins um síðustu helgi þegar tveir einstaklingar urðu jafnir í kjöri um fimmta stjórnarmanninn.

Í greinargerð lögmanna minnihluta hluthafa til Arnars Sigmundssonar, fundarstjóra og stjórnarmanns í Landssamtökum lífeyrissjóða ásamt hlutafélagaskrá, segir að talningarmenn hafi verið ósammála um það hvort varpa ætti hlutkesti eða fundurinn sjálfur kysi á milli tveggja manna sem fengið höfðu jafn mörg atkvæði.

Á meðan þær deilur stóðu yfir hafi fundarstjóri tilkynnt að kosningin yrði ógild þar sem ekki hefðu allir atkvæðaseðlar borist talningarefnd og kjósa þyrfti að nýju.

Ingvar Eyfjörð, sem kjörinn var í stjórn Vinnslustöðvarinnar, sem fulltrúi minnihlutans, segir þá ákvörðun að endurtaka kosninguna óskiljanlega, allir hafi rétt til að greiða ekki atkvæði.

Ingvar hefur neitað að skrifa upp á þá stjórn sem kjörin var í síðari kosningunni þar sem hann telur kosninguna ólöglega. Því þarf hlutafélagaskrá nú að úrskurða um hvort stjórnarkjör aðalfundarins sé löglegt. **– ih**

## Minni kröfur á gáfnaprófi

**SVÍÞJÓÐ** Þúsundir lögreglumanna vantar til starfa í Svíþjóð næstu árin. Til þess að fleiri komist að í náminu hafa kröfur um ákveðna lágmarkseinkunn á gáfnaprófi verið minnkaðar. Síðastliðið vor komust 266 áfram í öllu inntökuferlinu en nemaplássin voru 300.

Sænska ríkisútvarpið hefur eftir deildarstjóra hjá lögregluyfirvöldum að lægri kröfur á gáfnaprófi þýði ekki að minni kröfur séu gerðar til þeirra sem verða lögreglumenn. Líta verði á heildarferlið. Þeir sem ná gáfnaprófinu eru teknir í viðtal og gangast síðan undir persónuleikapróf. **– ibs**

## Franskur ferðamaður fannst í Sveinsgili

**SLYS** Leit að frönskum ferðamanni sem féll niður af ísbrún við Sveinsgil bar árangur í gærkvöldi. Þegar Fréttablaðið fór í prentun lágu ekki fyrir upplýsingar um ástand mannsins en þá var unnið að því að ná honum úr ánni.

Aðstæður á leitarsvæðinu voru mjög hættulegar og erfiðar. Í tilkynningu frá Landsbjörg kom fram að björgunarsveitarmenn hefðu brotið, sagað og mokað snjó og klaka í allan gærdag.

Við leitina aðstoðaði séraðgerða- og sprengjusveit Landhelgisgæslunnar. Sveitin er skipuð köfurum og sérfræðingum í sprengiefnum en íshellan sem liggur yfir gilinu er afar þykk og erfið viðureignar.

„Þarna er ekkert símasamband, en við erum núna með gervihnattasamband, þá er í gilinu harður klaki sem náðist ekkert að marka í. Björgunarsveitin boraði með kjarnaborum í ísinn og við settum sprengiefni í hann,“ sagði Sigurður Ásgrímsson, yfirmaður séraðgerða- og sprengjusveitarinnarar sem beitti sprengiefnum til að vinna á klakahellunni.

Undir klakahellunni er straumþungt jökulvatn.



Göt voru sprengd í íshelluna í Sveinsgili. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

„Það hafa farið menn frá okkur undir ísinn til leitar. Þetta er ekki fyrir hvern sem er, bæði hættulegt og erfitt. Vatnið er afar kalt og það er mikill straumur. Kafararnir fara niður með aðflutt loft frá yfirborðinu til öryggis. Þeir eru með myndavélar á grímunum svo að þeir sem eru uppi geta séð allt sem kafarinn sér og rúmlega það,“ segir Sigurður. „Við lögðum mikla áherslu á að enginn legði sig í hættu. Það mega ekki vera neinar óþarfa hetjudáðir í þessu verkefni.“ **– kbg**


Gott fyrir fríið




Verð: 1.389 kr.

Apótekið – einfalt og ódýrt

www.apotekid.is

F&F

# ÚTSALA

# 50-70%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.



**Ruth Bader Ginsburg hefur verið dómari í hæstarétti Bandaríkjanna síðan 1993.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hæstaréttardómari segir Trump vera loddara

**BANDARÍKIN** „Donald Trump er loddari,“ segir Ruth Bader Ginsburg. Hún er dómari við hæstarétt Bandaríkjanna og lét þessi orð falla í sjónvarpsviðtali á mánudag.

Hún hefur við fleiri tækifæri ekki farið dult með andúð sína á Trump, sem væntanlega verður forsetaefni Repúblikanaflokksins í kosningunum í nóvember.

„Ég get ekki ímyndað mér hvernig þetta land yrði ef Donald Trump væri forseti okkar,“ sagði hún í blaðaviðtali, og bætti því við að hún mætti hreinlega ekki til þess hugsa hvað það myndi þýða fyrir hæstarétt sjálfan.

Þessar yfirlýsingar verða að teljast nánast einsdæmi, því hæstaréttardómarar þar í landi, rétt eins og víðast hvar annars staðar, hafa jafnan forðast það eins og heitan eldinn að blanda sér í stjórnmálin.

Trump sagði Ginsburg hafa orðið öllum til skammar og ætti að segja af sér. **– gb**

# Verði áfram náin ESB

**David Cameron hvatti í gær arftaka sinn, Theresu May, til að fara ekki langt frá Evrópusambandinu. Hann kvaddi þingið með því að sitja fyrir svörum.**

**BRETLAND** „Ekkert er ómögulegt. Einu sinni var ég framtíðin,“ voru síðustu orð Davids Cameron á þingi í gær, áður en hann gekk út eftir að hafa setið fyrir svörum í spurningatíma þingsins í síðasta sinn.

Þingmenn klöppuðu honum ákaft og lengi í kveðjuskyni. Félagar hans úr Íhaldsflokknum stóðu upp á meðan og það gerðu líka flestir þingmenn Frjálslynda demókrataflokksins. Þingmenn Verkamannaflokksins og Skoska þjóðarflokksins sátu hins vegar sem fastast, þótt flestir hafi þeir líka klappað.

Afdrifaríkasta verk Camerons þau sex ár sem hann hefur verið forsætisráðherra, var að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu úr Evrópusambandinu, þar sem þjóðin samþykkti útgönguna naumlega.

Hann lætur það hins vegar arftaka sínum eftir að takast á við afleiðingarnar.

Theresa May tók við forsetaembættinu í gær og fær það meginverkefni í hendurnar að semja við Evrópusambandið um útgöngu Bretlands og framtíðarfyrirkomulag viðskipta og annarra samskipta Bretlands við ESB.

Í spurningatímanum í gær var Cameron spurður hvort hann hefði gefið May einhver ráð varðandi samskiptin við ESB, nú þegar útgangan blasir við, og þá sagði hann að Bretland ætti að halda sér í eins mikilli nálægð við ESB og mögulegt er: „Ermarsundið breikkar ekkert við útgönguna.“



**Þingmenn Íhaldsflokksins stóðu upp og klöppuðu þegar Cameron kvaddi, en andstæðingar hans sátu sem fastast.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ermarsundið breikkar ekkert við útgönguna.
>
> David Cameron

May hefur sagst ætla að taka sér góðan tíma til að móta samningsafstöðu Breta gagnvart Evrópusambandinu. Formlegir samningar muni ekki hefjast fyrr en á næsta ári.

Fyrirspurnatíminn í gær var annars harla líflegur og stóð í tæpar 40 mínútur. Þeir skiptust þar óspart á skotum, andstæðingarnir Cameron og Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins.

Cameron notaði meðal annars tækifærið til að vekja athygli á því að Íhaldsflokkurinn geti brátt stært sig af tveimur konum í forsætisráðherraembættinu. „Það er tvö núll, og enginn bleikur strætisvagn sjáanlegur,“ sagði hann, og vísaði þar til þess að konur úr Verkamannaflokknum hafa stundum farið um landið á bleikum strætisvagni til að hvetja kynsystur sínar til dáða í stjórnmálum.

Að loknum fyrirspurnatímanum á þingi gekk Cameron á fund Elísabetar drottningar og sagði formlega af sér. Stuttu síðar tók May við keflinu.

**gudsteinn@frettabladid.is**




Tveir spennandi kostir
CLA og CLA Shooting Break

Mercedes-Benz CLA er góður kostur fyrir fólk á ferð og flugi. Einstaklega öflugur, sportlegur og skemmtilegur í akstri en jafnframt eyðslugrannur og umhverfismildur. Hann fæst í ótal útfærslum, t.d. framhjóladrifinn eða með 4MATIC fjórhjóladrifinu, einnig með aukabúnaði við hæfi hvers og eins. Fyrir þá sem þurfa meira rými er Shooting Brake hlaðbaksútfærslan kjörin.

CLA 180 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 5.500.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

CLA 180 Shooting Brake með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 5.600.000 kr.
Eyðir frá 4,2 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook







**Wilmington tjald, tvöfalt**
Fjögurra manna. Vatnsheldni 3000 mm, 100 % pólýesterdúkur með öndunareiginleikum. Þyngd 12,1 kg. Ytri mál: 540 x 235 x 210 cm.




**Eclipse 300 tjald**
Þriggja manna. Vatnsheldni 2000 mm, 100% pólýesterdúkur með öndunareiginleikum. Þyngd 4,4 kg. Ytri mál: 360 x 120 x 130 cm.

**Funster tjald**
Tveggja manna. Vatnsheldni 1500 mm. Svart/hvítt. Þyngd 1,4 kg. Ytri mál: 210 x 120 x 95 cm.




**Svefnpoki**
Charkra. Svartur. Lengd 190 cm. L-laga opnun öðrum megin, þyngd 800 g.




**Sjálfuppblásanleg dýna,**
3 cm. 183 x 51 cm. Fyllist sjálfkrafa af lofti á nokkrum mínútum. Þyngd 1,1 kg.




**Sólstóll**
Blár. Opnast og leggst saman á augabragði. Hámarksburðarþol 100 kg, þyngd 2,5 kg.




**Rennes borð**
70 x 110 x 70 cm felliborð með álgrind, 5,1 kg á þyngd.




**Ontario stóll**
7 stillingar. Ál með pólýester. Léttur og auðvelt að taka með. Þyngd 4,5 kg.




**Útilegueldunarsett**
Í settinu eru 2 pottar, 1,7/2,2 l, 22,5 cm steikarpanna, 1 l ketill, laust handfang, prímus, stöðugur pottahaldari og vindhlíf.




**Kælitaska**
4 lítrar, fæst í mörgum litum.




**Rafknúið kælibox**
Mirabelle. 12 V. H: 40 x L: 39 x B: 32 cm. Rúmar 24 x 0,33 l dósir.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Tölvupóstar Clinton enn til trafala

Alríkislögreglan telur ekki rétt að ákæra Hillary Clinton en almenningur er ósammála. Fylgi Trumps hefur aukist í kjölfar tilkynningar alríkislögreglu. Þingmenn segja Clinton hafa framið meinsæri. Bernie Sanders, andstæðingur Clinton í forkosningum, styður hana.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Fyrir rúmri viku steig James B. Comey, yfirmaður bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) inn á blaðamannafund og tilkynnti að FBI mælti ekki með því að dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, Loretta Lynch, ákærði Hillary Clinton, forsetaframbjóðanda demókrata, fyrir meðhöndlun sína á ríkisleyndarmálum. Lynch hefur sagst ætla að fara eftir tilmælum FBI.

Fyrrgreind meðhöndlun snýr að því að í þau fjögur ár sem Clinton gegndi embætti utanríkisráðherra, frá 2009 til 2013, notaði hún ekki öruggt tölvupóstfang sem skráð var á vefsvæði bandarísku ríkisstjórnarinnar heldur sitt eigið póstfang. Það póstfang var hýst á einkavefþjóni Clinton. The New York Times upplýsti um málið í mars í fyrra og í kjölfarið krafðist utanríkisráðuneytið þess að Clinton léti alla þá tölvupósta sem bárust henni á einkapóstfangið af hendi.

Fór svo að Clinton skilaði inn þeim 30.490 póstum sem hún taldi vinnutengda og sagðist hafa eytt 31.830 póstum sem hún sagði einkamál. Í kjölfarið var vefþjónninn hreinsaður. FBI hefur sagt nokkra þeirra tölvupósta sem hún skilaði inn innihalda leyniskjöl. Slík meðhöndlun leyniskjala er ólögleg í Bandaríkjunum.

Seinna fann FBI þó nokkur þúsund tölvupósta sem ekki hafði verið skilað inn. Þrír þeirra innihéldu leynilegar upplýsingar sem vörðuðu þjóðaröryggi.

**Almenningur ósammála FBI**

Þrátt fyrir að mæla ekki með ákæru sagði Comey að Clinton hefði sýnt af sér alvarlega vanrækslu í starfi og setti spurningarmerki við dómgreind hennar þar sem erlendar ríkisstjórnir hefðu átt mun auðveldara með að komast yfir leyniskjöl sem vistuð voru á einkapóstfanginu heldur en ef hún hefði stuðst við hinn hefðbundna vefþjón. „Manneskja í hennar stöðu hefði átt að vita að þetta var rangt,“ sagði Comey. Hann sagði þó að ekki væri hægt að sanna að Clinton hefði viljandi stefnt þjóðaröryggi í hættu og því ætti ekki að ákæra.

Ný könnun NBC bendir til þess að almenningur í Bandaríkjunum sé ekki sammála áliti FBI. Aðspurð um álitið sögðust 56 prósent aðspurðra vera ósammála en 41 prósent sammála. Á meðal þeirra sem lýstu yfir stuðningi við Clinton voru tuttugu prósent ósammála en stuðningsmenn Donalds Trump, forsetaframbjóðanda repúblikana, voru nær allir ósammála, eða 93 prósent. Þá sagði meirihluti Bandaríkjamanna atferlið óviðunandi.

**Ekki hólpin enn**

Þingmenn repúblikana í fulltrúadeildinni hafa þó ekki gefist upp. Í fyrradag kröfðust formaður eftirlitsnefndar þingsins, Jason Chaffetz, og formaður dómsmálanefndar þingsins, Bob Goodlatte, þess af dómsmálaráðherranum að fram færi rannsókn á því hvort Clinton hefði sagt ósatt, eiðsvarin, þegar hún gaf þinginu vitnisburð sinn um málið.

„Sönnunargögn sem FBI hefur safnað í rannsókn sinni á notkun Clinton á einkapóstfangi virðast ganga í berhögg við nokkra þætti eiðsvarins framburðar hennar,“ segir í bréfi þeirra. Samflokksmenn gefa þó lítið fyrir kröfu repúblikana og sagði þingmaðurinn Elijah Cummings að repúblikanar væru að sóa skattfé í örvæntingarfullri tilraun til að minnka forskot Clinton í skoðanakönnunum.

Ein stór skoðanakönnun hefur verið birt á landsvísu í kjölfar yfirlýsingarinnar og kemur hún frá Rasmussen Reports. Þar mælist Trump með 42 prósenta fylgi en Clinton 40 prósenta. Þó er Clinton með 45 prósent og Trump 41 prósent í meðaltali skoðanakannanna sem RealClear Politics tekur saman.

Ein staðhæfinga Comey úr tilkynningu hans varð vatn á myllu andstæðinga Clinton sem sögðu Comey ekki þora að ákæra Clinton vegna stöðu hennar. „Við erum ekki að segja að einstaklingur í svipaðri aðstöðu sem staðinn væri að sams konar athæfi myndi ekki þurfa að taka afleiðingunum. Þvert á móti sæta slíkir einstaklingar oft einhvers konar refsingum. Við höfum hins vegar ekki komist að þeirri niðurstöðu núna,“ sagði Comey.

Þá hafa repúblikanar gagnrýnt að sést hafi til Bills Clinton, eiginmanns Hillary og fyrrverandi forseta, ganga um borð í flugvél Lynch dómsmálaráðherra og að hann hafi átt með henni fund. Lynch hefur hins vegar sagt þau ekki hafa rætt neitt er tengdist stjórnmálum. Aðeins átt vinalegt spjall.

**Mikilvægur stuðningur Sanders**

Bernie Sanders öldungadeildarþingmaður var sá sem komst næst því að hreppa útnefningu demókrata en laut í lægra haldi fyrir Clinton. Þau elduðu grátt silfur í kosningabaráttunni og hefur Sanders meðal annars sagt Clinton í vasa fjármálafyrirtækja sem og sagt hana vanhæfa til að gegna embætti forseta. Þau ummæli dró hann þó til baka.

Því var Clinton hæstánægð í fyrradag þegar þau komu fram saman á kosningafundi þar sem hann lýsti yfir stuðningi sínum við framboð hennar. „Ég mun gera hvað sem í valdi mínu stendur til að tryggja að hún verði kjörin,“ sagði Sanders.

Sanders lét eftirminnileg ummæli um tölvupósta Clinton falla í fyrstu kappræðum demókrata síðasta haust. „Öllum er sama um fjandans tölvupóstana þína!“ Þó sagði hann þá grafalvarlegt vandamál þegar leið á kosningabaráttuna.

Stuðningurinn er mikilvægur fyrir Clinton en könnun NBC sem gerð var fyrir yfirlýsinguna benti til þess að 63 prósent stuðningsmanna Sanders gætu hugsað sér að kjósa Clinton en tíu prósent myndu skipta yfir til Trump. Þá vonast hún eflaust til þess að aukinn stuðningur hjálpi sér að sigra Trump en í könnun Quinnipiac-háskólans sem birtist í gær má sjá að Trump hefur náð að vinna upp forskot Clinton í baráttufylkinu Ohio og náð forskoti á hana í baráttufylkjunum Flórída og Pennsylvaníu þar sem Clinton leiddi í lok júní.



Hillary Clinton á fjáröflunarfundi í New York í fyrradag. Gestir borguðu allt upp í tólf milljónir króna til að vera viðstaddir atburðinn. NORDICPHOTOS/AFP




Þeir sem voru hlutlausir eru ekki taldir með í gröfunum hér að ofan.

> Öllum er sama um fjandans tölvupóstana þína!
>
> Bernie Sanders, þingmaður



## Lögin sem Clinton er sökuð um að hafa brotið vegna einkapóstfangsins



Andstæðingar Clinton hafa bent á þrenn lög sem Clinton á að hafa brotið með notkun sinni á einkapóstfanginu. Fréttastofa Independent Journal tók þau saman og útskýrði.

**Lög um meðhöndlun leyniskjala**

Alríkislög kveða á um að ólöglegt sé að senda leyniskjöl á óörugga einkapóstþjóna. Blaðamaður Daily Caller segir Clinton hafa brotið þau lög með því að styðjast við einkavefþjón í stað vefþjóns hins opinbera. Bendir Daily Caller á að John Deutch, fyrrverandi yfirmanni leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, hafi verið vikið úr starfi fyrir að nota einkapóstfang sitt til að senda leyniskjöl.

**Lög um skjalavörslu**

Lög um skjalavörslu frá árinu 2009 kveða á um að alríkisstofnanir skuli tryggja að öll skjöl, meðal annars tölvupóstur, séu sett á þjóðskjalasafn. Tölvupóstur Clinton, sem The New York Times segir falla undir þessi lög, var ekki sendur til utanríkisráðuneytisins fyrr en eftir að hún lét af starfi eftir að þess var sérstaklega krafist af henni í kjölfar uppljóstrunar The New York Times.

**Lög um upplýsingafrelsi**

Samtökin Veterans for a Strong America hafa kært utanríkisráðuneytið fyrir brot á lögum um upplýsingafrelsi. Í viðtali við Washington Examiner sagði forsvarsmaður samtakanna, Joel Arends, samtökin hafa beðið um afrit af tölvupósti Clinton sem tengdust hryðjuverkaárás á sendiráð Bandaríkjanna í Líbýu. Sagði Arends að samtökin ættu rétt á þeim upplýsingum á grundvelli fyrrnefndra laga um upplýsingafrelsi en hefðu ekki fengið þann aðgang.

**Lög um meinsæri**

Þingmenn repúblikana hafa sagt að Clinton hafi framið meinsæri í vitnisburði sínum um málið þegar hún mætti fyrir rannsóknarnefnd þingsins um málið. Sögðu þeir þá ályktun byggja á misræmi í vitnisburði hennar og því sem James Comey, yfirmaður FBI, sagði um málið. Ólöglegt er í Bandaríkjunum að ljúga ef maður er eiðbundinn til að segja sannleikann líkt og Clinton var er hún gaf vitnisburð sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ
59,5%
íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*
Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.
Gallup, janúar–mars 2016


Allt sem þú þarft ...



DEBENHAMS

Sumar
ÚTSALAN

ENN MEIRI LÆKKUN

# 50-70%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

# Ástand heimsins
















1. Íraskir hermenn rannsaka vettvang sprengjuárásar í höfuðborginni Bagdad. Vígamenn Íslamska ríkisins réðust á borgina í gær og felldu fimm.

2. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úganda, Kizza Besigye, heilsar stuðningsmönnum á götum höfuðborgarinnar Kampala. Réttað verður yfir Besigye á næstunni fyrir meint landráð.

3. Hinn sjö ára Akram fær læknisaðstoð á bráðabirgðasjúkrahúsi í Sýrlandi eftir loftárás hers sýrlensku ríkisstjórnarinnar á Shefouniheh, austan við höfuðborgina Damaskus.

4. Lögreglumaður leitar að fólki í braki tveggja lesta sem skullu saman í Puglia-héraði á Ítalíu. Að minnsta kosti 25 létust í slysinu. Tveggja er enn saknað.

5. Sólarorkuknúna flugvélin Solar Impulse 2 lenti á næstsíðasta áfangastað sínum, egypsku höfuðborginni Kaíró í gær. Markmiðið nálgast óðfluga, að fljúga henni umhverfis jörðina.

NORDICPHOTOS/AFP




**KYNNING Á VIKTOR & ROLF ILMUM 14. - 20. JÚLÍ Í VERSLUNUM HAGKAUPS**

FLOWERBOMB GLAÐNINGUR FYLGIR KAUPUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM VIKOR & ROLF ILMUM

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# NEYTENDUR

**App**
**Pókemon GO**

## Tölvuleikur með hreyfingu

Snjallsímaleikurinn Pokémon GO er app sem enginn má láta fram hjá sér fara. Með appinu geta ungir sem aldnir sameinað áhuga sinn á japanska undrinu Pokémon og áhuga sinn á hreyfingu.

Í leiknum þurfa notendur að finna Pokémon-dýr eins og Pikachu á alvöru staðsetningum. Milljónir hafa nú þegar náð sér í leikinn. Dýrin eru falin út um allan bæ þannig að í leit að dýrunum er hægt að njóta ókeypis hreyfingar, og um leið uppgötva leyndar perlur í hverfinu sínu.

Pokémon GO var fyrst gefinn út þann 6. júlí síðastliðinn í Bandaríkjunum, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Hann verður formlega gefinn út á Íslandi á næstunni, en nú þegar geta Íslendingar náð sér í leikinn með krókaleiðum. Varið ykkur á Miklatúninu, þar er allt morandi í Pokémon-aðdáendum.



# Ferðatryggingar eru misjafnar eftir tegundum kreditkorta

**Forfallatryggingar eru innifaldar í kreditkortum. Tvítryggja sig með því að kaupa forfallatryggingu flugfélaga. Þeir sem kaupa dýrar ferðir gætu þurft slíka tryggingu. Mælt með evrópska sjúkratryggingakortinu.**

Þar sem langflestir greiða flugferðir sínar með kreditkortum ættu þeir ekki að þurfa að kaupa forfallatryggingu af flugfélagi þar sem slík trygging er innifalin í kreditkortinu. Sumir eru líka með ferðatryggingu innifalda í sinni fjölskyldutryggingu, að sögn Sigurjóns Andréssonar, markaðsstjóra Sjóvár.

„Langflestir eru því að tvítryggja sig með því að kaupa sérstaka forfallatryggingu sem flugfélögin bjóða upp á. Sú trygging er ágæt og ef menn eru ekki vissir er betra að vera tvítryggður en ótryggður því að maður tryggir ekki eftir á,“ tekur Sigurjón fram.

Hann bendir á að ferðatryggingar sem fylgja kreditkortum geti verið misjafnar eftir tegundum kortanna. „Þess ber þó líka að geta að þær forfallatryggingar sem eru seldar hjá flugfélögunum geta í einhverjum tilfellum verið víðtækari fyrir fólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma en forföll vegna slíkra atvika eru yfirleitt undanskilin í ferðatryggingum sem fylgja kreditkortum og þeim sem eru í fjölskyldutryggingum.“

Sigurjón bendir jafnframt á að þeir sem kaupa mjög dýrar ferðir geti þurft á forfallatryggingu flugfélaganna að halda. „Ástæðan er sú að heildarkostnaður ferðar getur farið yfir þær fjárhæðir sem tryggðar eru með kortum og í fjölskyldutryggingum og þannig ekki dugað fyrir heildarkostnaði ferðarinnar.“

Markaðsstjórinn mælir með því að evrópska sjúkratryggingakortið sé haft með á ferðalögum í Evrópu. Kortin er hægt að fá hjá Sjúkratryggingum Íslands. Á vef Sjúkratrygginga segir að kortið sé notað ef korthafi veikist eða slasast í öðru landi á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss.

Evrópska sjúkratryggingakortið, ES-kortið, gildir eingöngu hjá þjónustuaðilum innan hins opinbera sjúkratryggingakerfis og gildir að öllu jöfnu í þrjú ár. Hjá lífeyrisþegum gildir það í fimm ár.

Korthafi greiðir sama gjald fyrir þjónustuna og þeir sem eru tryggðir í viðkomandi landi. Tryggingastofnun/sjúkrasamlag landsins sendir síðan reikning til Sjúkratrygginga Íslands sem sér um að greiða það sem á vantar.

Ef þjónustuaðili tekur ekki við ES-korti og einstaklingur greiðir fullt verð fyrir þjónustu er líklegt að um einkarekinn þjónustuaðila sé að ræða og þá er ekki um neina endurgreiðslu að ræða.




**Evrópska sjúkratryggingakortið tekur ekki til kostnaðar sem ekki telst vera beinn sjúkrakostnaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ráðlagt er að ferðamenn kanni hvers konar tryggingar þeir hafa og hvort þær gildi á ferð erlendis. Slíkar ferðatryggingar greiði bætur fyrir fleira en almannatryggingar gera, t.d. kostnað vegna heimflutnings.

Þess er getið að ES-kortið taki heldur ekki til kostnaðar sem ekki telst vera beinn sjúkrakostnaður, eins og til dæmis kostnaðar vegna breytinga á ferðaáætlun, lengri dvalar á hóteli eða vegna aðstoðar fylgdarmanns ef þörf er á aðstoð í heimferð. **ibs@frettabladid.is**


**Mercedes-Benz**
**Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir**
**Kíktu á úrvalið á www.notadir.is**

Mercedes-Benz

**B 220 CDI**



**Árgerð 2014, ekinn 32 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Bakkmyndavél, 16“ álfelgur, hiti í framsætum, sætisþægindapakki, inniljósapakki o.fl.

**Verð 4.490.000 kr.**
**Afb./mán. 38.300 kr.***

**GLK 220 4MATIC**



**Árgerð 2014, ekinn 26 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Offroad pakki, hiti í framsætum, krómpakki, LED dagljós, o.fl.

**Verð 5.990.000 kr.**
**Afb./mán. 50.800 kr.***

**ML 250 4MATIC**



**Árgerð 2014, ekinn 39 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 205 hö.**

AMG sportpakki, dráttarbeisli, hiti í framsætum, nálgunarvarar, rafdrifinn afturhleri, sólþak, speglapakki, o.fl

**Verð 9.990.000 kr.**
**Afb./mán. 84.000 kr.***

**A 200 AMG STYLE**



**Árgerð 2015, ekinn 5 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 136 hö.**

Nálgunarvarar, bakkmyndavél, minnispakki fyrir sæti, AMG exclusive pakki, næturpakki, keyless GO o.fl.

**Verð 6.390.000 kr.**
**Afb./mán. 56.600 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,73–10,79%

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • **www.notadir.is**
**Opið** virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# VIÐSKIPTI



Hildur Sigurðardóttir og Ólöf Birna Garðarsdóttir eru stofnendur Reykjavík Letterpress. MYND/REYKJAVÍK LETTERPRESS

## Meðal tíu bestu í heimi

Íslenska fyrirtækið Reykjavík Letterpress hefur verið valið af virta tímaritinu Print Magazine sem ein af tíu bestu Letterpress-prentstofum í heiminum. Fyrirtækið skipar annað sætið á listanum, á eftir Sweet Letterpress & Design Studio í Boulder í Coloradofylki í Bandaríkjunum.

Letterpress er aldagömul prentaðferð með nútímatvisti. Grafísku hönnuðirnir Hildur Sigurðardóttir og Ólöf Birna Garðarsdóttir stofnuðu hönnunarstofuna árið 2010. Þær framleiða meðal annars nafnspjöld, merkimiða, stílabækur og glasamottur. Auk þess hanna þær og framleiða eigin vörulínu þar sem áhersla er lögð á gleði og leik í texta og grafík. – sg



Greiningaraðilar eiga von á að Mark Carney tilkynni um stýrivaxtalækkun í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Von á lækkun stýrivaxta í dag

Greiningaraðilar búa sig undir að Englandsbanki lækki stýrivexti sína um 0,5 prósent í 0,25 prósent á vaxtaákvörðunarfundi í dag. Þetta yrði í fyrsta sinn sem vextir hafa verið lækkaðir síðan árið 2009.

Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, hefur gefið í skyn að stýrivaxtalækkun sé líkleg, og telja sérfræðingar að áttatíu prósenta líkur séu á lækkun.

Ástæðan er áhrifin af því að Bretland kaus að yfirgefa Evrópusambandið. Hagfræðingarnir telja líklegt að vextir verði lækkaðir til að reyna að koma í veg fyrir kreppu og til að endurvekja traust á mörkuðum. Ef ekki verður af lækkuninni í dag má áætla að hún verði í næsta mánuði. – sg






## Meðalverð á sumarhúsum 2015




# Söluverð sumarhúsa á hraðri uppleið á ný

**Meðalfermetraverð á sumarhúsi hefur hækkað um allt að helming frá árinu 2008. Fasteignasali segir mikla veltuaukningu í sölu sumarhúsa. Veruleg aukning er í sölu ódýrari bústaða, en minni eftirspurn er eftir dýrum sumarhúsum.**

Meðalkaupverð sumarhúsa á landinu hefur farið hækkandi um allt að 74 prósent frá hrunsárunum, og náð svipuðu eða hærra verði og fyrir hrun. Meðalfermetraverð hefur hækkað um allt að helming. Guðmundur Th. Jónsson, fasteignasali hjá Fasteignamarkaðinum ehf., segir sölu sumarhúsa hafa verið að aukast jafnt og þétt allt frá árinu 2014 og að sala þeirra sé enn að aukast. Hann segir eftirsóttustu svæðin vera þau, sem eru í um klukkutíma til eins og hálfs tíma akstursfjarlægð frá höfuðborginni, og að verð sumarhúsa á þeim svæðum hafi hækkað mest. Þá segir Guðmundur að eftirspurn eftir ódýrari bústöðum sé meiri nú en fyrir hrun.

Í nýju talnaefni frá Þjóðskrá kemur fram að meðalkaupverð á sumarhúsum var hæst á Norðurlandi árið 2015 og nam 16,3 milljónum króna. Meðalfermetraverð var hæst á Suðurlandi og nam 260 þúsund krónum. Meðalkaupverð og meðalfermetraverð var aftur á móti lægst á Vestfjörðum, og nam 5,4 milljónum króna árið 2015. Vert er að nefna að úrtakið er mjög lítið á Vestfjörðum og getur því skekkt myndina.

Meðalkaupverð hefur hækkað mest frá hruni á Vesturlandi, eða um 74 prósent á tímabilinu 2008 til 2015. Frá árinu 2013 hefur meðalverð á Vesturlandi verið hærra en árið 2007. Meðalfermetraverð hefur hækkað um 52 prósent frá árinu 2008. Á Suðurlandi hefur meðalkaupverð sumarhúsa enn ekki náð sömu hæðum og árin 2007 og 2008. Verðið hefur haldist stöðugt milli áranna 2009 og 2015. Meðalfermetraverð hefur hins vegar aldrei verið hærra á tímabilinu en árið 2015 og hefur hækkað um tuttugu prósent frá árinu 2009.

Á Norðurlandi tók verð á sumarhúsum kipp milli áranna 2007 og 2008, það lækkaði svo aftur milli ára og hefur frá árinu 2009 hækkað um 34 prósent. Meðalfermetraverð sveiflaðist í svipaða átt og hefur hækkað um 26 prósent síðan 2009.

Þetta er í takt við upplifun fasteignasala. „Það hefur verið verðhækkun á sumarbústöðum í takt við aukna eftirspurn, sérstaklega á eftirsóttum stöðum, til dæmis á Suðurlandi, í Grímsnesi, á Þingvöllum og í Skorradal. Það hefur orðið þó nokkur veltuaukning á markaði með sumarhús. Við finnum fyrir verulega aukinni veltu með ódýrari sumarhús. Ef til vill gera kaupendur aðrar kröfur til sumarhúsa nú en áður. Fyrir árið 2008 var mikil velta á markaði með dýrari sumarhús en það er vissulega eitthvað minni kaupendahópur að slíkum eignum í dag," segir Guðmundur.

Svo virðist sem kaupendur sumarhúsa leggi ekki út í slík kaup án þess að eiga fyrir viðkomandi eignum, að mestu leyti að minnsta kosti, því lítið sé um lántökur samhliða kaupum af þessu tagi, segir Guðmundur.

saeunn@frettabladid.is



Verðþróun á sumarhúsum er mjög fjölbreytt eftir landshlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**52%** hækkun hefur orðið á meðalfermetraverði sumarhúsa á Vesturlandi frá 2008.

**20%** hækkun hefur orðið á meðalfermetraverði sumarhúsa á

# KRÓNAN

Deildu þínum grillsigrum á grillsnilld.is Veglegir vinningar í boði
#Grillsnilld
KRÓNAN

New York marinering
Hvítlauks marinering
Ítölsk marinering

-30%

**1189** kr. kg
Verð áður ~~1699~~ kr. kg
Grísahnakki, úrval marineringa, Spánn

Sweet dream
Alabama marinering
Mangó marinering

## Marinerað af kjötmeistara Krónunnar

### Grísakjöt

-25%

**1699** kr. kg
Verð áður ~~2279~~ kr. kg
Grísalundir, Ísland

-30%

**1259** kr. kg
Verð áður ~~1799~~ kr. kg
Grísahnakkaspjót, úrval marineringa, Spánn

### Kjúklingur

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr Kjúklingur

**2149** kr. kg
Krónu kjúklingafile, Ísland

STÓR kaup!

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr Kjúklingur

**1989** kr. kg
Krónu kjúklingabringur, Ísland

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 17. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS



KRÓNAN
-20%
399 kr. pk.
Verð áður 499 kr. pk.
Plómu-apríkósur 500 g, Spánn
-33%
Ferskt alla daga
119 kr. kg
Verð áður 179 kr. kg
Rauðar vatnsmelónur, Spánn
-20%
319 kr. pk.
Verð áður 399 kr. pk.
Paraguayos steinaldin 450 g, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
OUMPH!
For Free Range Humans
VEGAN
-20%
167 kr. kg
Verð áður 209 kr. kg
Bökunarkartöflur í lausu, Frakkland
Deildu þínum grillsigrum á grillsnilld.is Veglegir vinningar í boði
#Grillsnilld
KRÓNAN
Gott verð!
Verð frá:
899 kr. pk.
Oumph! er prótentíkt sojakjöt.
Fjölbreytt úrval bragðtegunda. Frystivara.
TILBOÐIN GILDA TIL 17. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

**Ódýrt**




Vanilluís og súkkulaðiís 2L

**399** kr. pk.




Frosin bláber 250g - 996 kr.kg

**249** kr. pk.




Frosin hindber 300g - 930 kr.kg

**279** kr. pk.




**Ódýrt**

Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg

**169** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN






**1299 kr. pk.**
100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**1999 kr. kg**
Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar




**299 kr. pk.**
Goða hrásalat, 350 g

**399 kr. pk.**
Goða kartöflusalat, 350 g

**899 kr. pk.**
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# Kjarakjaftæði



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Kjararáð hefur hækkað laun nefndarformanna og forstöðumanna ríkisstofnana um tugi prósenta, afturvirkt allt til ársins 2014. Þannig hækka laun embættismannanna um allt að 48 prósent á einu bretti. Hækkanirnar koma ofan á tvær almennar hækkanir ráðsins um 7,15 prósent annars vegar og 9,3 prósent hins vegar á innan við ári. Launahækkanirnar sem greint var frá í gær bætast því við þessar almennu launahækkanir.

Kjararáði bárust bréf frá forstöðumönnunum og í flestum var farið fram á launahækkanir á grundvelli aukins álags og fjölgunar verkefna. Forstjóri Útlendingastofnunar kvartar í sínu bréfi sérstaklega undan fjölmiðlaáreiti utan vinnutíma, á kvöldin og um helgar.

Forseti ASÍ brást við einni af þessum hækkunum á dögunum og sagði að þeir tekjuhæstu í samfélaginu ættu ekki að fá einhverja sérstaka meðferð. BSRB brást við frétt blaðsins í gær með því að mótmæla hækkununum harðlega. „Aðilar vinnumarkaðarins hafa gert með sér rammasamkomulag sem átti að koma í veg fyrir að einstakir hópar hækkuðu meira en aðrir, sem kallar alltaf á kröfu um leiðréttingar. Þessi hækkun ríkisforstjóra er langt umfram það samkomulag og því engin leið að hægt sé að sætta sig við hana. Þessi mikla hækkun hjá hópi sem hefur haft mjög góð laun eykur á ójöfnuð í samfélaginu og verður ekki án afleiðinga.“

Það er engin furða að verkalýðsforkólfarnir láti í sér heyra við þessar fréttir af ákvörðunum kjararáðs. Nýliðinn vetur, sem nú virðist órafjarri í veðurblíðunni, einkenndist af harðvítugum kjaradeilum flestra stétta í landinu. Oft og tíðum var mjög harkalega gengið að hinum vinnandi stéttum sem urðu fyrir lagasetningum, langdregnum verkföllum og jafnvel frádrætti á launum í verkföllum.

Fréttir af tugprósenta hækkunum, sem koma ofan á aðrar hækkanir, eru sláandi. Vissulega getur meira en vel verið að aukið álag sé í störfum ríkisforstjóra. Það vill bara svo til að það á við um svo margra aðra. Árin eftir hrun einkenndust víðast hvar af niðurskurði, samdrætti og manneklu. Og gerir víða enn. Fæstum stendur til boða að skrifa hjartfólgið bréf um álag og fjölmiðlaáreiti og fá launahækkun upp á hundruð þúsunda.

Bjarni Benediktsson sagði í júní að breyta þyrfti starfsemi kjararáðs og vill fækka þeim sem heyra undir ráðið um nokkur hundruð þannig að eftir sitji þröngur hópur, til dæmis aðeins ráðherrar og þingmenn.

Kjararáð, á samkvæmt lögum að taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði en virðist svo sannarlega ekki gera það, og virðist hafa einsett sér að sprengja upp samkomulag vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt allra á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis með hóflegum launahækkunum.

Það er ekkert að því að greiða góð laun fyrir erfið og ábyrgðarfull störf. Það er hins vegar óskiljanlegt að kjararáð og einstakir embættismenn telji sig ekki þurfa að lifa í sama hagkerfi og við hin og að launahækkanir þeirra muni ekki kalla á „leiðréttingu“ launa annarra. Það virðist full ástæða til að drífa í þessum fyrirhuguðu breytingum fjármálaráðherra. Ellegar færa verkalýðshreyfinguna eins og hún leggur sig undir kjararáð. Þá kannski fengju hinar vinnandi stéttir almennilega borgað fyrir álagsvinnu og áreiti.

**Fæstum stendur til boða að skrifa hjartfólgið bréf um álag og fjölmiðlaáreiti og fá launahækkun upp á hundruð þúsunda.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Stjórnkerfisrykið**

**Hún er fremur óþægileg þessi bjarta júlísól fyrir íslenskt stjórnkerfi. Íslenskar húsmæður og -feður verða óþægilega vör við rykið sem er úr úldinni forneskju og finna sig líklega knúin til allsherjar tiltektar í kerfinu. Risasekt MS varpaði enn á ný ljósi á þörfina fyrir stuðningskerfi landbúnaðar í landinu sem virkar og aukna samkeppni á búvörumarkaði. Tiltekt í íslensku samfélagi sem myndi muna um.**

**Hækkunin er mánaðarlaun**

**Þá hafa ákvarðanir kjararáðs um að hækka laun hæst launuðu starfsmanna ríkisins varpað ljósi inn í skringilega skúmaskot stjórnsýslu. Það virðist nóg að senda starfsmönnum kjararáðs hvaða rökstuðning sem er fyrir hækkunum. Laun Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, hækkuðu til dæmis um 29 prósent. Fara úr 1.042 þúsund krónum á mánuði í 1.340 þúsund krónur frá 1. júlí. Hækkunin nemur nærri því mánaðarlaunum almenns starfsmanns hjá stofnuninni. Merkilegt, því stofnunin er í mikilli þörf fyrir fleiri starfsmenn vegna aukinna verkefna. Það væri áhugavert að sjá gerða grein fyrir vinnustundum forstjóra í þessum efnum enda starfar upplýsingafulltrúi hjá Útlendingastofnun við að svara fyrirspurnum fjölmiðla. Á hvaða launum er hann?**

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

# Mikilvægasta kosningamálið



Vigfús Bjarni Albertsson
sjúkrahúsprestur LSH

Kæri stjórnmálamaður/stjórnmálakona. Nú styttist í kosningar. Það eru krefjandi tímar fram undan hjá þér.

Mig langar að biðja þig, verðandi leiðtogi, að kynna þér sérstaklega heilbrigðismálin í landinu og þá ekki síst Þjóðarsjúkrahúsið og mikilvægi þess fyrir heill landsins. Ég er með nokkrar hugmyndir fyrir þig sem gætu verið gott veganesti út í kosningarnar sem vonandi verða í haust.

Ég held að það væri gott ráð fyrir þig að hitta sem flest heilbrigðisstarfsfólk og sjá og heyra í því beint hvernig vinnuaðstæður eru. Það væri mikilvægt fyrir þig að heyra hvernig vinnuálaginu er háttað, hvernig aðstæður eru. Gott væri að spyrja þetta starfsfólk hvernig því líður og hvað það telur að sé mikilvægast að gera til að varðveita mannauðinn í þessum störfum. Ég held að þú munir heyra að margt af þessu fólki er þreytt og undir allt of miklu álagi. Það er mikilvægt fyrir þig, kæri leiðtogi, að huga að þessu.

Annað mikilvægt atriði væri að þú talaðir beint við sjúklingahópa, það fólk sem þarf að nota heilbrigðiskerfið. Að þú spyrðir hvernig það er að vera þiggjandi heilbrigðisþjónustunnar. Það væri mikilvægt fyrir þig að heyra hverjar áhyggjurnar eru þegar kemur að því að vera þiggjandi þjónustunnar. Þú gætir líka hitt aðstandendur og spurt hvernig það er að vera með fólki í þeim aðstæðum sem heilbrigðiskerfið býður upp á, því að með hverjum sjúklingi eru margir einstaklingar sem teljast til fjölskyldu viðkomandi. Það er gott fyrir þig, verðandi leiðtogi, að heyra sögurnar beint. Þú veist jafnvel og ég að að baki öllum tölum og umræðum um peninga eru persónulegar sögur. Sögur sem geyma tilfinningar, lífsreynslu, von og ótta. Það batna allir við að heyra slíkar sögur. Ég veit að þú vilt vel með framboði þínu, og að þekkja til lífsreynslu fólks eykur samúð þína sem er ekki síðri viska en hagvísindi.

Það er ósk mín að þið, stjórnmálafólk þessa lands, gerið heilbrigðismálin að forgangsmáli og þá ekki síst Þjóðarsjúkrahúsið okkar. Gangi ykkur vel og varðveitið vel þá sýn að þið eruð í þjónustu við okkur almenning í því að búa til betra samfélag.

**Mig langar að biðja þig, verðandi leiðtogi, að kynna þér sérstaklega heilbrigðismálin í landinu og þá ekki síst Þjóðarsjúkrahúsið og mikilvægi þess fyrir heill landsins.**




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is



**„Nó komment," segir tónlistarmaðurinn Hermigervill, aðspurður hverju hann klæðist hér og hvers vegna.** MYNDIR/DAVÍÐ ALEXANDER CORNO



**„Uhh, þetta eru einhver föt. Og svaka fín heyrnartól!" segir Hermigervill um fötin sem hann klæðist hér.**



**Hákarlabolurinn, sem afi hans fann í Portúgal fyrir tæplega tuttugu árum, er í miklu uppáhaldi.**

# HVER DAGUR ER SVO EINSTAKUR

Þrátt fyrir skemmtilegan fatastíl hefur tónlistarmaðurinn **Hermigervill** afskaplega lítinn áhuga á tísku. Hann á þó þrjátíu ullarpeysur og uppáhaldsflíkin hans um þessar mundir er hákarlabolur sem afi hans keypti í Portúgal árið 1998.

Tónlistarmaðurinn Hermigervill vekur iðulega athygli fyrir skemmtilegan fatastíl og útlit. Hann segist þó aldrei hafa haft neinn sérstakan áhuga á tísku og eftir því sem hann verði eldri hafi þróunin orðið út í enn meira áhugaleysi og jafnvel snúist upp í einbeittan mótþróa gegn öllu sem við kemur hópefli og hjarðhegðun.

„Það má segja að fatastíll minn einkennist af samsuðu af afatísku og Justin Bieber. Blanda af fuccboi og Stephen Hawking, eitthvað sem brýtur í bága við lögmál eðlisfræðinnar. Skammtafræði-normcore með pönkívafi. Hver dagur á þessari jörð er einstakur og hversdagsleikinn er blekking. Ég byrja alla daga á núllpunkti; á nærbuxum og leyfi flæðinu að stjórna ferðinni."

Hermigervill fæst við alls kyns tónlist með fullt af skemmtilegu fólki að eigin sögn. „Ég kem líka oft fram einn, umkringdur hljóðgervlum, trommuheilum og furðutækjum. Það má segja að ég eyði þriðjungi lífsins á túr, þriðjungi í stúdíói með vinum mínum og restinni í alls konar baktjaldapródúksjón fyrir sjónvarp, dansverk, tölvuleiki og bara allt milli himins og jarðar."

## ÞEKKIR FÁA HÖNNUÐI

Tísku- og tónlistarheimurinn tvinnast saman að mörgu leyti en þó með sérstökum hætti hjá Hermigervli. „Það er virkilega heitt í stúdíóinu hjá mér þannig að mér finnst gott að vera fáklæddur við störf. Það mætti því segja að tónlistarsköpunin hafi bein áhrif á klæðaburðinn."

> Það má segja að fatastíll minn einkennist af samsuðu af afatísku og Justin Bieber. Blanda af fuccboi og Stephen Hawking, eitthvað sem brýtur í bága við lögmál eðlisfræðinnar. Skammtafræði-normcore með pönkívafi. Hver dagur á þessari jörð er einstakur og hversdagsleikinn er blekking.
>
> Hermigervill

Það er því ekki við því að búast að maðurinn eigi sér uppáhaldshönnuði og tískuverslanir, eða hvað? „Ég á nokkrar uppáhaldsverslanir en því miður selur engin þeirra föt eða tískuvörur. Ein þeirra er Lucky Records, en þar hangi ég stundum heilu og hálfu dagana, drekk kaffi, hlusta á plötur og spjalla við bæði starfsmenn og kúnna."

Hann þekkir fáa fatahönnuði, fyrir utan Guðmund Jörundsson, sem er einmitt bróðir vinar hans. „Svo var gert mikið grín að mér þegar ég kallaði landsliðsþjálfarann okkar í fótbolta óvart Karl Lagerfeld, en sá kauði ku víst vera einhver svaka tappi í þessum bransa."

## NÓG AF ULLARPEYSUM

Uppáhaldsflík hans þessa dagana er hákarlabolur sem afi hans heitinn keypti í Portúgal árið 1998 og fannst nýverið heima hjá frænku hans. Annars er hann ekki stórtækur í fatakaupum sjálfur heldur segir að fötin bara dúkki upp, finnist eða hann fái þau gefins. „Einu sinni keypti ég 30 ullarpeysur á eina evru stykkið til að nota í myndatöku. Þær hafa svo nýst ágætlega til daglegs brúks. Ætli það hafi ekki bara verið verstu kaupin líka því nú sit ég uppi með 30 misljótar peysur."

Þessa dagana leggur Hermigervill lokahönd á nýja plötu (og geggjaða að eigin sögn) og mun halda áfram að spila um víðan völl næstu misseri með öllum þeim hljómsveitum sem hann er meðlimur í. Hermigervill kemur einnig fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í nóvember.

# FINNST GAMAN AÐ VERA Í FÖTUM SEM FÁ MIG TIL AÐ BROSA

**Andrea Ösp Karlsdóttir** leikkona á kjól fyrir hvert tilefni enda viðurkennir hún að vera kjólasafnari inn við beinið.

**Þú átt marga fallega kjóla, ertu kjólasafnari?** Já, það má eiginlega segja það, mér finnst gaman að klæða mig í kjóla og gaman að breyta til og vera í nýjum kjól við mismunandi tækifæri. Ég reyni nú samt að nota fötin mín og ekki bara safna þeim, þannig að ég passa mig á því að sanka ekki að mér kjólum sem ég mun ekki nota reglulega. Ég er svolítið eins og barn þegar það kemur að því að klæða mig og þykir gaman að fara í föt sem fá mig til að brosa. Ég er óhrædd við að vera í fínum kjól þó að tilefnið sé ekki stórt og hef gaman af að klæða mig í litrík föt.

**Hvernig kjólar finnst þér flottastir?** Uppáhaldskjólarnir mínir eru yfirleitt þröngir að ofan niður að mitti en þaðan víkka þeir út, helst nógu mikið til að sveiflast alveg út þegar maður snýr sér í hring. Ég er mjög hrifin af litum og skemmtilegum litasamsetningum. Einnig þykir mér gaman að kaupa einfalda kjóla og skreyta þá með litríkum skartgripum, tjullpilsi, sokkabuxum, sokkum, jafnvel vesti, hatti og fallegum skóm. Ég á tvær uppáhaldssíddir, önnur er rétt fyrir neðan hné og hin rétt fyrir ofan hné. Ég er yfirleitt hrifnust af ermalausum kjólum, en á einnig nokkra frábæra með hálfsíðum ermum.

**Eitthvert sérstakt tímabil sem þú tengir við í tískunni?** Ég er mjög hrifin af 50's kjólum, enda voru frábær snið og skemmtilegir litir á því tímabili. Það er auðvelt að skella tjullpilsi undir fötin sem voru á þeim tíma og efnin eru oft stíf og mött sem mér finnst flott.

**Hvernig föt kaupir þú oftast?** Ég kaupi mér langoftast kjóla, hvort sem þeir eru fínir og flottir eða hversdagskjólar úr jogg-ingefni sem ég nota til að æfa í og vinna í. Ég kaupi mikið af háum litríkum sokkum við stuttu joggingkjólana og svo skemmtilega sokkabandasokka við fínni kjólana. Venjulegar þunnar og hnepptar peysur eru í miklu uppáhaldi enda passa þær við allt.

**Hvar kaupir þú föt?** Uppáhaldskjólabúðin mín á Íslandi er Kjólar og konfekt á Laugaveginum, en ég á einnig margar uppáhaldskjólabúðir um allan heim. Ég kaupi stundum kjóla á netinu og á uppáhaldsbúðir þar, til dæmis Lindy Bop. Flestir skórnir mínir eru úr uppáhaldsskóbúðinni minni í New York sem heitir Shoegasm, en þar er oft hægt að finna ódýra og fallega skó sem eru aðeins öðruvísi. Aðallega leita ég að fallegum fötum sem hrífa mig á einhvern hátt og eru á viðráðanlegu verði. Ég vil frekar eiga tíu kjóla sem kosta 10.000 krónur heldur en einn kjól sem kostar 100.000 krónur.



Mér þykir svakalega vænt um þennan kjól en þetta er fyrsti Lindy Bop-kjóllinn sem ég eignaðist. Hann og tjullpilsið keypti ég saman í Kjólum og konfekti á Laugaveginum fyrir nokkrum árum.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég get ekki valið á milli kjólanna minna og því er uppáhaldsflíkin mín falleg rauð kápa sem ég lét sauma á mig þegar ég var í Víetnam fyrir nokkrum árum. Ég fann mynd af rauðri kápu sem var fyrir tveggja ára börn og lét sauma hana í minni stærð með extra stórri hettu. Ég valdi rauða efnið í kápuna og svo hvítt, svart, rautt og grátt silkiefni inn í hana.

**Hvað er á döfinni hjá þér núna?** Í sumar er ég á ferð og flugi um landið með Leikhópnum Lottu. Við erum að sýna nýja leikritið okkar Litaland á yfir 60 stöðum á landinu í sumar og erum með atriði á hinum ýmsu uppákomum og hátíðum. Litaland tekur á málefnum sem eru mér mjög hugleikin og við höfum fengið frábæra dóma í sumar, bæði fengið að heyra hvað við séum skemmtileg og fyndin en einnig hvað umfjöllunarefnið sé þarft og frábært að fá svona gott tækifæri til að ræða við yngsta aldurshópinn um erfið málefni. Ég hvet alla til að kíkja á sýningu hjá okkur, hvort sem þeir eru fullorðnir eða börn því að hjá okkur finna sko allir eitthvað við sitt hæfi.

**Hvað er fram undan í haust?** Ég er meðal annars að leika í Eldbarninu með Möguleikhúsinu sem er sýning fyrir miðstig grunnskóla og svo er ég í erlendri brúðusýningu sem heitir Saga með leikhópnum Wakka Wakka. Í vetur er ég líka að fara að leikstýra í FG. Jólin eru háannatími, þá er ég í Grýluhelli að undirbúa jólin enda leik ég Skjóðu, systur jólasveinanna, og heimsæki jólaböll, skóla og leikskóla með leikrit, sögur og söng.



Kjólinn keypti ég frá Lindy Bop á netinu en hann er annar af 2 frábærum kjólum sem ég á sem passa svo skemmtilega vel við uppáhaldsskóna mína úr uppáhaldsskóbúðinni minni, Shoegasm í New York. Tjullpilsið var keypt á Amazon til að passa við kjólinn og hattinn keypti ég í Urban Outfitters



nettoline

# HÁGÆÐA DANSKAR
# ELDHÚSINNRÉTTINGAR














KREATIV

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:**
Mán. - fim. kl. 09-18
Föstud. kl. 09-17
Lokað á laugardögum í sumar

15 ÁRA
STOFNAÐ 2000

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



Breska leikkonan Maxine Peake á afmæli í dag.



Sparileg með eldrauðan varalit.



Maxine þykir hafa skemmtilegan stíl.



Sækir innblástur til fjórða og fimmta áratugarins í fatavali.

# ROKKABILLÍ MEÐ AMISH-ÍVAFI

Breska leikkonan **Maxine Peake** fagnar fjörutíu og tveimur árum í dag. Hún elti leiklistardrauminn með stuðningi afa síns og hefur leikið á sviði og í sjónvarpsseríum. Hún er yfirlístur femínisti og þolir ekki kapítalisma.

Maxine Peake hefur leikið bæði á sviði og í sjónvarpsseríum og smærri hlutverk í kvikmyndum og fór leiklistarferillinn brösuglega af stað. Foreldrar Maxine skildu þegar hún var níu ára og fimmtán ára flutti Maxine til afa síns, sem hvatti hana til þess að virkja sköpunarþörfina og læra leiklist. Maxine fékk synjun frá hverjum leiklistarskólanum á fætur öðrum á Norður-Englandi, þar sem hún ólst upp, en hafði þó staðið á sviði með áhugamannaleikhópum á unglingsárunum. Hún komst þó að lokum inn í Royal Academy of Dramatic Art og hlaut námsstyrk. Hún hefur sagt afa sinn þann sem hún líti mest upp til.

Maxine Peake er þekktust fyrir hlutverk sín í sjónvarpsseríunum Silk og The Village og þá fór hún með aukahlutverk í myndinni The theory of everything. Þá lék Maxine Peake Hamlet á sviði Royal Exchange, undir leikstjórn Sarah Frankcom árið 2014.

### ÞOLIR EKKI KAPÍTALISMA

Maxine er yfirlýstur femíminsti og var um tíma virk í kommúnistahreyfingu. Hún þykir koma viðhorfum sínum á framfæri í leik sínum. Í janúar á þessu ári lék hún ásamt Jeremy Irons í stuttmyndinni I Wish for you, sem fjallar um loftslagsbreytingar. Hún hefur sagt kvenhatur og kapítalisma það versta sem hún geti hugsað sér.

### SÖGÐ OF FEIT

Maxine hefur sagt frá því í viðtölum að í leiklistarskólanum hafi henni oft verið bent á að hún væri of þung. Þegar mótleikkona hennar, Victoria Wood, í þáttunum Dinnerladies sagði við hana hreint út „þú ert feit, ljóshærð og norræn útlits, þú endar í stöðluðum hlutverkum,“ breytti hún um lífsstíl. Og það svo hressilega að skrifa þurfti þyngdartapið inn í handrit þáttanna.

### KANÍNUBÚNINGUR

Beðin um að lýsa fatastíl sínum hefur Maxine sagst hafa fundið sinn stíl í blöndu af rokkabillí og sveitastúlku með vott af amisháhrifum. Hún falli fyrir fötum í anda fimmta og sjötta áratugarins. Þá sé skrítnasta flíkin í fataskápnum risastór kanínubúningur sem hún mátti eiga eftir að hafa leikið í honum í tónlistarmyndbandi.



Maxine Peake.










# MINNI MATARLYST OG SYKURÞÖRF

**Icecare kynnir** Amínó® Létt er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Guðrúnu Lilju Hermannsdóttur finnst það virka vel.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.

### Stuðlar að þyngdartapi

Auk fiskprótíns inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem eru náttúrulegar trefjar unnar úr hnýði rótar konjac-plöntunnar. Glúkómannan er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi [1]. Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Króm-pikkólínat hefur mikið verið notað við þyngdarstjórnun þar sem það er talið minnka sykurlöngun.

### Borðar reglulegar og hollar

Amínó® Létt er seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. GLP-1 er boðefni fyrir mettun og bendir margt til að ekki sé nóg af því boðefni hjá fólki sem þjáist af ofþyngd. Guðrún Lilja Hermannsdóttir segist hafa átt erfitt með að létta sig, sama hvað hún reyndi. Henni finnst Amínó® Létt hafa hjálpað sér við að vera saddari og borða þar af leiðandi minna, þökk sé glúkómannan. „Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram. Ég hef allt-







af verið með mikið uppþembdan maga en það hefur lagast mikið eftir að ég byrjaði á töflunum auk þess sem ég hef losnað við nokkur kíló. Matarlystin hefur minnkað, sem og sykurlöngun, meltingin er betri, ég borða reglulegar og er ekki að fá mér eitthvert nasl á kvöldin nema þá grænmeti og ávexti. Ég mæli því heils hugar með Amínó® Létt," segir Guðrún Lilja.

### Amínó® Liðir

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

### GÓÐA REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og verkirnir minnkuðu," segir Steinþóra. Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði."



**„Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram," segir Guðrún Lilja Hermannsdóttir.**



**Steinþóru líður betur í baki eftir að hún fór að taka Amínó® Liði.** MYND/ANTON BRINK

# ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa."

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri.




Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri," segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

### NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina," útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.



**Jóna Hjálmarsdóttir Icecare Active Liver**

## NEW NORDIC ACTIVE LIVER:

- Inniheldur kólín sem stuðlar að:
  - eðlilegum fituefnaskiptum.
  - viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar.
  - eðlilegum efnaskiptum að því er varða amínósýrunnar hómósysteins.
- Inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talið er að stuðli að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.
- Inniheldur túrmerik og svartan pipar.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare



Selma klæðir sig eftir því hvernig henni líður, hvernig veður er og hvort hún er á bíl, á vespunni eða fótgangandi. Hún er alltaf með eyrnalokka. MYND/EYÞÓR

# LITAGLAÐUR SÍGAUNI MEÐ ROKKLEGU ÍVAFI

**Selma Ragnarsdóttir** vill klæðast litum og á kvenlegan hátt. Leðurjakki frá Kína eru bestu kaupin hennar en þau verstu eru sjúklega háir hælaskór. Söngkonan Björk er fyrirmynd hennar í tískunni.

Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, er að prjóna sér skósíða lopapeysu með hjálp frá konu pabba hennar. Peysan verður vígð á Þjóðhátíð í Eyjum. Auk þess er hún að klára annan af fjórum brúðarkjólum sem hún gerir í sumar. Selma rekur sína eigin saumastofu, Skraddarann á horninu, þar sem hún er einnig með búningaleiguna Hexíu.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Já, í raun síðan ég var smástelpa. Að minnsta kosti með tísku poppstjarnanna sem ég hélt upp á og höfðu mikil áhrif á minn fatastíl eins og til dæmis Cyndi Lauper og Prince þegar ég var unglingur. Og jú, Dóra Einars var líka mikill áhrifavaldur hér áður fyrr. Hún varð til þess að ég vildi læra eitthvað tengt fatahönnun.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Það fer eftir því hvernig mér líður, hvernig veður er og hvort ég er á bíl, á vespu eða fótgangandi. Allt þetta hefur áhrif. Annars klæði ég mig nokkuð þægilega fyrir vinnuna með möguleika á að poppa lúkkið upp ef mér dettur í hug að gera eitthvað eftir vinnudaginn.



Selma við störf á saumastofu sinni, Skraddaranum á horninu.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Mér finnst gaman að klæðast kjólum eða pilsum og flottum toppum. Alltaf hælar, leðurjakki eða síðar skyrtur eða kimonóar yfir.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?** Þessa dagana er það leðurpils, svartur toppur með klofnum ermum og fjólubláar leggings.

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Fólkið á götunni, vinir og kunningjar, tónlistarfólk og tískuvefsíður.

**Eyðir þú miklu í föt?** Nei, ég myndi ekki segja það. Versla mikið í „second-hand“ búðum og sauma mikið sjálf eða breyti gömlum fötum. Ef ég eyði þá er það í undirföt, skó og glingur.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Þessa dagna verð ég að segja „fána“-leggings sem ég saumaði reyndar fyrir átta árum þegar karlalandsliðið í handbolta varð í öðru sæti á Ólympíuleikunum. Hef notað þær við mörg „Íslandsstolts“-tækifæri að undanförnu.

**Uppáhaldshönnuður?** Vivienne Westwood hefur alltaf verið í uppáhaldi og svo brúðarkjólahönnuðurinn Vera Wang.

**Bestu kaupin?** Held það sé leðurjakkinn minn sem ég keypti í Kína fyrir nokkrum árum og er alltaf flottur.

**Verstu kaupin?** Allt of háir hælar sem lúkka hrikalega vel en eru sjúklega óþægilegir og varla hægt að labba í þeim.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Alltaf eyrnalokka og uppáhaldshringana mína dagsdaglega en stærri og meira áberandi hringi og eyrnalokka og hálsmen spari.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Björk Guðmundsdóttur og hún hefur verið það síðan ég sá hana fyrst spila ólétta með Kuklinu í sjónvarpinu.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Ég held ég sé pínu sígauni, vil helst nota liti eins og ég get og vera smá rokk. Vil klæða mig kvenlega þrátt fyrir að líkamslínurnar hafi verið að mýkjast síðustu ár.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Skór og flottir eyrnalokkar.













Sími: 527-1060 | www.veidiflugur.is

Veiðiflugur






**Það er flott að vera með ökklaskraut á ströndinni.**

# ÖKKLASKRAUTIÐ KOMIÐ AFTUR

Sumartískan einkennist dálítið af tísku áttunda og níunda áratugarins. Stórir eyrnalokkar minna á þann tíma og nú sést einnig ökklaskraut. Nú eru tærnar viðraðar svo fallegt er að hafa ökklaband á fætinum.

Undanfarin ár hafa komið á markað fallega skreyttir sandalar. Nú mega skórnir vera látlausir en skrautið hangir um ökklann. Margar gerðir af skrauti eru fáanlegar í verslunum. Calvin Klein sýndi grófa gullkeðju sem ökklaskraut við venjulega lokaða götuskó þegar hann kynnti sumartískuna. Valentino og Chloé sýndu látlausara skart á fæti. Það má því segja að allt sé í tísku. Ökklaskrautið fer vel við síðu sumarkjólana sem nú eru í vinsælir en jafnframt við stuttbuxur úr denímefni sem eru flottar í sumar.

Fræga fólkið eltir tískuna, þannig hafa bæði Rihanna og Taylor Swift sýnt sig með gullskart um ökklann. Annað fyrirbæri í sumar eru stórir eyrnalokkar í margvíslegum litum. Chanel, Gucci og Dior sýndu stóra eyrnalokka þegar stóru tískuhúsin sýndu sumartískuna árið 2016. Lokkarnir þykja hippalegir en svo er einnig um síðu blómakjólana.



**Calvin Klein sýndi ljósan fatnað þegar hann kynnti sumartískuna 2016. Fyrirsætan var í hvítum kjól með ökklaskraut.**



**Flottir sumarskór frá Calvin Klein og gróf gullkeðja um ökklann.**

TRI

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

SHIMANO




ParkTool




**Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!**

# WWW.TRI.IS

drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de

**#cube_your_life!**

CUBE

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

Útsala stórar plöntur. Veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Þakpappalagnir.**
Eitt besta verðið.
**S. 778 8322**

**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.




## til sölu




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407










**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR




**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu






IPHONE 6 16GB Silfur 7 mánaða gamall. Vel farinn. Verð 80þ. Uppl. í s. 6611134

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLALEIGA**

í miðbæ reykjavíkur óskar eftir öflugum starfsmönnum í bílaþvott og önnur tilfallandi verkefni.

**Áhugasamir sendi upplýsingar á oskar@procar.is**

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

**VÉLAVÖRÐUR**

Vantar á 70 tonna sæbjúgnabát. Vélastærð 447 kw. Uppl. í s. 846 4889 og 483 3548 hsver@simnet.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**






## atvinna

**Rútubílstjórar óskast**

**Þórsferðir óska eftir rútubílstjórum til starfa.**
**Upplýsingar í síma: 894 - 5131**

## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi 206-2018 í landi Hnaus**
   **2. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.**
   Lögð fram til kynningar lýsing skipulags vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps sem felst í að breyta svæði fyrir frístundabyggð í landi Hnauss 2 í svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem heimilt verður að byggja 20 herbergja hótel.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:**

2. **Breyting á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015, Flóahreppi, á Galtastaða (lnr. 198977).**
   **Móttökustöð ISAVIA og frístundabyggð**
   Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem nær til hluta lands Galtastaða (lnr. 198977) í Flóahreppi. Landið er í eigu Isavia og er fyrirhugað að setja upp varamóttökuloftnet vegna flugfjarskipta flugumferðar auk þess sem einnig verður gert ráð fyrir byggingu 1-3 frístundahúsa. Landið, sem í heild er um 80 ha að stærð, er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingu er gert ráð fyrir 0,35 ha iðnaðarsvæði og 4,6 ha sem frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

3. **Deiliskipulag fyrir spildu úr landi Fljótshóla 1 og 4 sem kallast Krákumýri, Flóahreppi. Íbúðarhús, skemma og hús fyrir ferðaþjónustu.**
   Lögð fram til kynningar skipulagslýsing vegna deiliskipulags sem nær yfir um 3,1 ha svæði af landi sem kallast Krákumýri og liggur sunnan Villingaholtsvegar rétt vestan við Krákuvatn. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, skemmu og hús fyrir ferðaþjónustu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
4. **Deiliskipulag í landi Grafar á Flúðum milli Hvammsvegar og Litlu-Laxár.**
   Lögð fram til kynningar skipulagslýsing vegna deiliskipulags fyrir svæði úr landi Grafar á Flúðum sem afmarkast af Litlu-Laxá og Hvammsvegi. Samkvæmt endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins sem nú er í vinnslu verður svæðið skilgreint sem miðsvæði og verður horft til uppbyggingar á ýmisskonar atvinnustarfsemi á svæðinu í bland við íbúðarbyggð.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

5. **Deiliskipulag fyrir alifuglahús í landi Miklaholtshellis í Flóahreppi.**
   Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt alifuglahús í landi Miklaholtshelli á svæði vestan Ölvisholtsvegar, rétt sunnan bæjartorfu jarðarinnar. Gert er ráð fyrir byggingu allt að 1.800 fm húss fyrir allt að 17.400 fugla og allt að 400 fm hauggeymslu.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

6. **Deiliskipulag móttökustöð Isavia og þrjú frístundahúsa í landi Galtastaða, Flóahreppi.**
   Tillaga að deiliskipulagi sem nær til hluta af landi Galtastaða lnr. 198977 sem er í eigu ISAVIA. Í tillögunni er afmarkað svæði fyrir byggingu varamóttökustöðvar auk þess sem afmarkaðar eru 3 frístundahúsalóðir. Er tillagan í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða.
7. **Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Hrosshaga í Bláskógabyggð.**
   Tillaga að deiliskipulagi um 9.800 fm svæðis í landi Hrosshaga meðfram Hrosshagavegi norðvestan við bæjartorfu jarðarinnar. Á svæðinu er gert ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum ásamt nokkrum kúlulaga gegnsæum tjöldum til gistingar.
8. **Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Veiðilundur úr landi Miðfells í Bláskógabyggð**
   Tillaga að deiliskipulagi sem nær til frístundabyggðarinnar Veiðilundur úr landi Miðfells í Bláskógabyggð. Eru 146 frístundahúsalóðir innan svæðisins og er með deiliskipulaginu verið að setja samræmda byggingarskilmála fyrir svæðið sem hefur verið í töluverðri endurnýjun á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa allt að 100 fm frístundahús og allt að 30 fm aukahús.
9. **Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Stekkjarlundur úr landi Miðfells í Bláskógabyggð.**
   Tillaga að deiliskipulagi sem nær til frístundabyggðarinnar Stekkjarlundur úr landi Miðfells í Bláskógabyggð. Eru 125 frístundahúsalóðir innan svæðisins og er með deiliskipulaginu verið að setja samræmda byggingarskilmála fyrir svæðið sem hefur verið í töluverðri endurnýjun á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa allt að 100 fm frístundahús og allt að 30 fm aukahús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16.
Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur nr. 1 og 3-5 eru í kynningu frá 14. júlí til 5. ágúst 2016 en tillögur nr. 2 og 6-9 frá 14. júlí til 26. ágúst 2016. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 3-5 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. ágúst 2016 en 28. ágúst fyrir tillögur nr. 2 og 6-9.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**




# Blómstrandi byggðir

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Noregi vegnar vel, mjög vel. Norðmönnum hefur tekizt að byggja upp auðugt, framsýnt og friðsælt samfélag sem heimsbyggðin öll lítur upp til. Það verður að teljast vel af sér vikið í landi sem var áður bláfátæk og forsmáð skiptimynt í hernaðarbrölti stórvelda. Noregur tilheyrði Danmörku 1380-1814. Danska var ritmál Norðmanna. Þegar Frakkar töpuðu stríðinu við Englendinga 1814 þar sem Danir studdu Frakka og Svíar Englendinga, neyddust Danir til að afhenda Svíum yfirráð yfir Noregi. Norðmenn brugðust við með því að setja sér eigin stjórnarskrá 1814 (Eiðsvallarstjórnarskrána), en hún dugði ekki til. Nú reis alda þjóðrækni í Noregi líkt og annars staðar í Evrópu. Edvard Grieg samdi norska tónlist: menn heyrðu fólkið, fjöllin og firðina syngja í lögum Griegs. Skáldin tóku í sama streng. Björnstjerne Björnson, höfundur norska þjóðsöngsins, fékk bókmenntaverðlaun Nóbels 1903 þegar verðlaunin voru veitt í þriðja sinn.

Svo fór að endingu að Norðmenn sögðu sig úr ríkjasambandinu við Svía og ákváðu að taka sér heldur sjálfstæði 1905, árið eftir að Danir veittu Íslendingum heimastjórn. Svíar brugðust ókvæða við, stríð lá í loftinu, en Svíar stilltu sig. Framganga Dana gagnvart Íslendingum árið áður kann að hafa hjálpað til að leiða Svíum fyrir sjónir að eigin málum þurftu einnig Norðmenn að fá að ráða sjálfir. Noregur var enn eitt fátækasta land álfunnar. Árin 1850-1920 fluttust fleiri en 800.000 Norðmenn til Bandaríkjanna og eru afkomendur þeirra þar nú u.þ.b. jafnmargir eða fleiri en íbúar Noregs (5 milljónir).

**Skjótar framfarir, fín hagstjórn**

Noregur tók skjótum framförum alla 20. öldina með siglingum, viðskiptum, tímabærri (og umhverfisvænni!) virkjun vatnsfalla og öðrum framförum. Herseta Þjóðverja í stríðinu 1940-1945 olli Norðmönnum að sönnu miklum skaða, m.a. með því að leggja allan nyrzta hluta landsins, Finnmörku, í rúst. Norðmenn veittu nasistum hetjulegt viðnám í stríðinu og misstu 9.500 mannslíf, en þeir voru fljótir að ná sér aftur á strik eftir stríð og skipa sér í hóp helztu forustuþjóða álfunnar og heimsins. Fyrsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna var Norðmaður, Trygve Lie (1946-1952).

Landsstjórnin eftir stríð var að flestu leyti til fyrirmyndar, yfirleitt undir forustu Verkamannaflokksins, flokks jafnaðarmanna. Hagstjórnin var í hæsta gæðaflokki m.a. fyrir tilstilli háskólahagfræðinga sem stjórnvöld tóku mark á. Fyrstu Nóbelsverðlaunin í hagfræði voru veitt Norðmanni og Hollendingi 1969. Norðmenn hafa aldrei misst tök á verðbólgunni heima fyrir og ekki heldur atvinnuleysi. Vöxtur framleiðslunnar hefur verið frekar jafn og ör og skilað sér í sígandi framsókn lífskjaranna. Þjóðartekjur á mann í Noregi eru nú meiri en annars staðar í Evrópu ef Lúxemborg ein er undan skilin. Sama máli gegnir um þjóðartekjur á hverja vinnustund sem er betri kvarði því þá er fyrirhöfnin á bak við tekjuöflunina tekin með í reikninginn. Þjóðartekjur á hverja vinnustund eru nú (2016) 91 Bandaríkjadalur í Noregi borið saman við 44 dali á Íslandi. Norðmenn hafa einsog aðrir tekið aukna velsæld út bæði í auknum tekjum og minni vinnu. Vinnandi fólk í Noregi vann að jafnaði 2.100 stundir 1950 og 1.400 stundir í ár borið saman við tæplega 1.900 stundir á Íslandi í ár og 2.700 stundir 1950. Þessi mikli munur – 1.900 stundir hér, 1.400 þar – vitnar um að meðallaunþegi í Noregi kemst af með 10 stundum styttri vinnuviku að jafnaði en tíðkast á Íslandi. Olíuauður Norðmanna hjálpar þeim en skiptir ekki sköpum enn sem komið er enda er hann að mestu leyti geymdur erlendis í lífeyrissjóði til síðari nota.

> **Noregur er lifandi sönnun þess að mannfæð – smæð! – er engin fyrirstaða í efnahagslífi þjóða.**

**Aðrir kvarðar**

Þegar lífskjarakvarðinn er víkkaður eins og Sameinuðu þjóðirnar hafa gert frá 1990 með því að reikna nýja velferðarvísitölu sem vegur saman tekjur, menntun og heilbrigði (e. Human Development Index) trónir Noregur í efsta sæti listans yfir nær allar þjóðir heimsins og hefur gert allar götur frá 2001 (Noregur deildi 1. sætinu með Íslandi 2005 og 2006, en Ísland skipar nú 16. sætið). Þegar velferðarvísitalan er lagfærð til að taka misskiptingu með í reikninginn heldur Noregur 1. sætinu meðan t.d. Bandaríkin hrapa við þá lagfæringu úr 8. sæti listans niður í 28. sætið (Ísland færist upp um 4 sæti). Þetta þarf engum að koma á óvart sem fer um Noreg og lætur sér ekki duga að dást að Osló, Björgvin og Þrándheimi, þrem stærstu borgunum. Fjórði hver Oslóarbúi er nýbúi og sjötti hver íbúi landsins er nýbúi enda er Noregur hluti Evrópska efnahagssvæðisins sem tryggir frjálsa för milli landa og Bretar búa sig nú undir að yfirgefa.

**Smæð er engin fyrirstaða**

Noregur er lifandi sönnun þess að mannfæð – smæð! – er engin fyrirstaða í efnahagslífi þjóða. Sjö milljarðar jarðarbúa eiga heimkynni sín í um 200 sjálfstæðum ríkjum. Það þýðir að meðallandið telur 35 milljónir íbúa. Norðmönnum hlýtur að finnast það hlægilegt að Englendingar segi við Skota að þeir séu of fáir og smáir til að standa á eigin fótum sem sjálfstæð þjóð. Skotar eru fleiri en Norðmenn.

# SÁÁ og lýðheilsan



Arnþór Jónsson
formaður SÁÁ

> **Allar líkur eru á því að SÁÁ takist að kalla inn þessa ungu einstaklinga og létta af þeim þessu áfalli og þunga hlassi með lyfjagjöfinni.**

Stærstu tíðindi síðasta árs í heilbrigðismálum þjóðarinnar voru fréttirnar af átaki til útrýmingar á lifrarbólgu C úr íslensku samfélagi. Lifrarbólga er sá smitsjúkdómur sem veldur flestum dauðsföllum í heiminum og deyja nú fleiri úr lifrarbólgu en alnæmi, berklum og malaríu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem byggð er á tölfræðiupplýsingum frá 183 löndum og RÚV greindi frá 7. júlí síðastliðinn. Dauðsföll vegna sýkinga, lifrarsjúkdóma og lifrarkrabbameins sem rekja má til lifrarbólgu hafa í þessum 183 löndum, aukist um 63% frá árinu 1990.

Á sama tíma og lifrarbólgufaraldur geisar í flestum löndum heims eru Íslendingar í allt annarri og betri stöðu. Ástæðuna má rekja til þess að lyfjafyrirtækið Gilead hefur gefið öllum Íslendingum, sem smitaðir eru af lifrarbólgu C-veirunni, lyf að verðmæti um 10 milljarða króna. Á móti leggur SÁÁ fram gagnagrunn með um 900 lifrarbólgu C-smitaða einstaklinga, sem er allur þorri þeirra tilfella af lifrarbólgu C sem greinst hefur hér á landi.

Á Sjúkrahúsinu Vogi hefur frá árinu 1989 verið skimað fyrir lifrarbólgu C hjá öllum innrituðum sjúklingum sem hafa sprautað sig með vímuefnum í æð. Skimunarþjónustan hefur í meira en tvo áratugi verið rekin fyrir eigin reikning SÁÁ og kostuð með sjálfsaflafé samtakanna, þar á meðal greining blóðsýna á rannsóknarstofu Landspítalans. Það er einsdæmi í heiminum að næstum allir smitaðir einstaklingar í heilu samfélagi hafi fengið skimun og jafnnákvæma greiningu og raunin er hér. Lyfjafyrirtækið sér í þessari aðstöðu fram á ómetanlega auglýsingu fyrir virkni og gæði lyfsins ef tekst að uppræta smitið hjá heilli þjóð.

**Ungmenni á Vogi**

Í gegnum tíðina er það einkum tvennt sem SÁÁ hefur verið gagnrýnt fyrir. Endurinnlagnir veikustu sjúklinganna er annað og meðferðarþjónusta fyrir ungmenni er hitt. Sem betur fer hafa augu flestra opnast fyrir nauðsyn skaðaminnkunarþjónustu fyrir veikustu áfengis- og vímuefnasjúklingana á meðan meðferðarþjónusta fyrir ungmenni er enn litin hornauga af sumum.

Í nýjasta tölublaði Læknablaðsins kemur fram í ritstjórnargrein að á árunum 1996-2015 leituðu 2.853 einstaklingar sem voru 19 ára eða yngri sér meðferðar hjá SÁÁ í fyrsta sinn. Úr þessum hópi hafa 678 einstaklingar sprautað vímuefnum í æð og 237 hafa fengið lifrarbólgu C. Nú þegar hefur komið í ljós að a.m.k. 168 þessara einstaklinga þurfa áðurnefnda lyfjameðferð. Allar líkur eru á því að SÁÁ takist að kalla inn þessa ungu einstaklinga og létta af þeim þessu áfalli og þunga hlassi með lyfjagjöfinni.

Áhugahvöt unglinga til að breyta vímuefnaneyslunni er oft lítil til að byrja með og því er meginmarkmið meðferðar SÁÁ fyrir þennan unga sjúklingahóp að fleyta honum í gegnum slysa- og sýkingahættur þar til nægur samstarfsvilji skapast til markvissrar meðferðar. Ungmenni fá hvergi annars staðar álíka þjónustu hér á landi.

Gætum að því að ekkert heilbrigðisvandamál er jafnalgengt og hættulegt fyrir unglinga og notkun vímuefna. Gleðjumst yfir því að okkur hefur gengið þokkalega vel í glímunni við þennan flókna heilbrigðisvanda og að ástandið hér er betra en víðast annars staðar. Höldum samt vöku okkar því þótt vímuefnavandi ungmenna sérstaklega virðist hafa minnkað síðustu ár er ekkert fast í hendi þegar kemur að unga fólkinu okkar. Það er stutt á milli hláturs og gráts.

Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum



Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Dekrið við skrumið



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Umhverfispólitíkin á Íslandi getur oft verið skrýtin, sérstaklega sú sem sprettur upp af skrifborðum í Reykjavík. Fyrir nokkrum árum fóru sérfræðingar að boða hrun í gæsastofninum og kvað svo rammt að boðskapnum, að málið var tekið upp á Alþingi og töldu sumir þingmenn þess vegna koma til greina að banna skotveiðar á gæs. Þetta kom okkur, sem deilum kjörum með fuglum, fiskum og dýrum, í opna skjöldu, því fjölgun gæsarinnar væri meiri en góðu hófi gegndi með óhjákvæmilegum ágangi og skaða fyrir gróðurfar landsins.

Síðar kom í ljós, að allt var þetta á misskilningi byggt. Gæsin væri talin á vetrarbeit í Skotlandi, en stórir hópar höfðu „villst" á leiðinni og sest að yfir veturinn í Noregi og ekki hafði verið gert ráð fyrir slíkum villum í talningunni. Engum datt í hug að spyrja fólkið í dreifðum byggðum sem deilir kjörum með gæsinni.

Nú hefur sprottið upp af skrifborðum á þurrkasvæðunum í Reykjavík sérstök þrá til að vernda vaðfugla og þá kemur ekkert annað til greina en að skapa votlendi með því að fylla skurði til sveita með mold og möl. Ekki hefur enn verið sérstaklega tilgreint hver á að borga, en líklega ekki hugmyndasmiðir úr sínum sjóðum. Samt vekur athygli, að í einustu mýrinni í Reykjavík keppast menn við að þurrka upp í stríði við vaðfuglana, byggja hvert mannvirkið af öðru í Vatnsmýrinni, svo örugglega verði ekki eitt einasta blautt strá að finna í reykvískri mold.

En það er ekki skortur á votlendi sem ógnar fyrst og fremst lífi vaðfuglanna, heldur refur og minkur. Svo boða margir, sem fylla vilja skurðina, að friða ref og tala um, að minkurinn sé sætur og samofinn fegurðinni í íslenskri náttúru og þurfi því sína vernd. Ekkert ógnar fremur fuglalífinu í landinu en vargurinn og þar vega þyngst refur og minkur. Nú er svo komið að rjúpan flykkist hingað heim að mínum bæ og verpir hér allt um kring, af því að enginn friður er fyrir varginum til fjalla.

Vilji fólk elska fuglalífið, þá er árangursríkast að útrýma mink og halda ref í skefjum með markvissum veiðum um allt land. En þannig umhverfispólitík fellur ekki að dekrinu við skrumið sem elskar frekar skýrslur um hugmyndir, en raunhæfar aðgerðir í samstarfi við heimafólk sem þekkir til aðstæðna og kann til verka.

**Samt vekur athygli, að í einustu mýrinni í Reykjavík keppast menn við að þurrka upp í stríði við vaðfuglana, byggja hvert mannvirkið af öðru í Vatnsmýrinni, svo örugglega verði ekki eitt einasta blautt strá að finna í reykvískri mold.**

### Skrifborðsástin á fuglalífinu

Ástin á fuglalífinu við skrifborðin í Reykjavík birtist í margs konar útrás. Ef byggja á brú við árósa, þá stendur ekki á fjármunum til þess að meta umhverfisáhrifin fyrir fuglalífið. Hver reykvísk sendinefndin af annarri kemur á vettvang, telur og mælir, skrifar og metur, svo skýrslurnar hlaðast upp. Þetta horfðum við, heimafólkið, upp á þegar vegur og brú voru byggð við árósa Breiðdalsár á Meleyri árið 1994. En eftir að framkvæmdum lauk missti stjórnsýslan ástina á fuglalífinu, enda hafa engar rannsóknir farið fram á því hvernig fuglunum reiðir af við nýju brúna. En það skynjum við, sem búum í nágrenni við brúna, að fuglalífið blómstrar einmitt þar, því þar finnur fuglinn öryggi við umferðina fyrir varginum, sérstaklega ref og mink. Þannig er brúin hina bestu náttúruvernd.

Skrifborðsástin í Reykjavík á fuglalífinu er samt ekki sannfærð um það. Árum seinna var undirbúið að byggja brú yfir botn Berufjarðar. Fyrirhugað brúarstæði var svo dæmt óboðlegt fyrir fuglalífið og seinkaði þar með lagningu slitlags á síðasta hluta hringleiðar um landið um nokkur ár. Nú loksins er komin niðurstaða í það mál og ekki við öðru að búast en að fuglalífið eigi von á góðu skjóli við brúna, blómstri og dafni, þó það verði ekki skráð í skýrslum á reykvískum skrifborðum.

En ef fylla á fjörð af grút vegna risalaxeldis í líkingu við skolpfrárennsli frá 150 þúsund manna borg með óafturkræfum skaða fyrir lífríkið, fugla og fiska, og um síðir fyrir mannlífið líka, þá stendur ekki á ókeypis leyfisveitingum frá skrifborðum í Reykjavík. Það þykir fínt um þessar mundir að dekra við skrumið í umhverfismálum á Íslandi.

# Til utanríkisráðherra



Haukur Hauksson
þjóðfélagsrýnir og leiðsögumaður

Sæl, Lilja.

Er hægt að fá skýringar ráðuneytisins á því hvers vegna Ísland sat hjá við atkvæðagreiðslu hjá SÞ um að aðgangur að hreinu vatni teldist til almennra mannréttinda og að leitast verði til um að svo verði? Land okkar ásamt nokkrum ríkjum, með Bandaríkin í broddi fylkingar, studdu ekki tillöguna sem teljast verður einkennilegt.

Milljónir barna deyja árlega í fátækum löndum vegna vatnsskorts og einkavæðing vatnsbóla er orðin almenn í heiminum. Þannig er t.d. dæmis varla hægt að kaupa drykkjarvatn í Úzbekistan nema frá tveimur virtum stórfyrirtækjum: Nestlé og Coca Cola Company.

Er þessi þróun í samræmi við stefnu flokks yðar í alþjóðamálum?

# Skilgreining á hatursglæp



Alda Hrönn Jóhannsdóttir
aðallögfræðingur LRH



Eyrún Eyþórsdóttir
lögreglufulltrúi hjá LRH

Í janúar síðastliðnum var sett á laggirnar þróunarverkefni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) er lýtur að hatursglæpum. Þessi ákvörðun er í takt við þróun sem hefur orðið í Evrópu en tvö ár eru síðan lögreglan í Ósló setti sambærilega deild á laggirnar en níu ár hjá lögreglunni í Stokkhólmi séu dæmi tekin.

Tilgangur verkefnisins hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er því að fylgja eftir þróun sem hefur átt sér stað í löggæslu í Evrópu. Auk þess er Ísland aðildarríki að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) en barátta gegn hatursglæpum er eitt helsta málefni Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu þeirrar stofnunar (ODIHR) og hefur ODIHR lagt á það ríka áherslu að lögregla aðildarríkja sinni málaflokknum, þar með talin lögregla á Íslandi.

Skilgreining hatursglæpa á Íslandi, líkt og í öðrum Evrópulöndum, byggir á skilgreiningum ODIHR og eru það sömu skilgreiningar og hatursglæpafræðin innan akademíunnar almennt nota. Störf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er varðar hatursglæpi eru því ekki unnin í tómarúmi, byggð á skoðunum (til dæmis pólitískum) einstakra lögreglumanna, heldur eru þau formuð í íslensk lög og unnin eftir alþjóðlegum skilgreiningum.

Skilgreining ODIHR er á þá leið að hatursglæpur er verknaður sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og ásetningur brotsins er að fullu eða hluta til neikvætt viðhorf geranda til brotaþolans. Brotið getur verið framið gegn manneskju eða eign. Lögin tilgreina nákvæmlega hvaða „hópar" eða „eiginleikar" eru verndaðir í þessu tilliti og í almennum hegningarlögum er það gert í greinum 180 og 233a sem tilgreinir sérstaklega þjóðerni, trúarbrögð, kynþátt, litarhátt, kynhneigð og kynvitund. Brot á almennum hegningarlögum þar sem ásetningur brotanna byggist á neikvæðu viðhorfi (fordómum) gegn aðila vegna þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, litarháttar, kynhneigðar eða kynvitundar viðkomandi telst þar af leiðandi vera hatursglæpur.

### Refsihækkunarheimild

Víða í Evrópu er refsihækkunarheimild í lögum varðandi þennan neikvæða ásetning. Það er að segja að sé sýnt fram á neikvæðan ásetning (e. biased motive) í broti á hegningarlögum getur dómari þyngt dóm yfir brotamanninum. Rökin með þessari refsihækkunarheimild eru mikilvægi þess að sporna gegn hatursglæpum og haturstali þar sem afleiðingar þeirra geta jaðarsett fólk og hamlað þátttöku í lýðræðissamfélagi auk þess sem horft er til almannahagsmuna vegna þess að hatursglæpir og -tal getur grafið undan samstöðu í samfélaginu og hvatt til ofbeldis gegn minnihlutahópum.

Hérlendis er þessi refsihækkunarheimild ekki til staðar í lögum og þar af leiðandi eru aðeins tvær greinar almennra hegningarlaga sem sérstaklega taka þessa mismunun fram. Í 180. grein almennra hegningarlaga segir: „Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar

**Tilgangur verkefnisins hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er því að fylgja eftir þróun sem hefur átt sér stað í löggæslu í Evrópu.**

skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi." Og í grein 233a sömu laga segir: „Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum."

LRH hefur þar af leiðandi lagt áherslu á að þróunarverkefni hatursglæpa sinni sérstaklega málum er varða brot á þessum tveimur lagagreinum. Hins vegar hafa jafnframt komið inn til rannsóknar, sem mögulegir hatursglæpir, brot á öðrum lagagreinum almennra hegningarlaga vegna þess að sterkur grunur lék á að ásetningur brots væri neikvætt viðhorf jafnvel þótt refsihækkunarheimild sé ekki til staðar í íslenskum lögum. Um er að ræða alvarleg brot á við líkamsárás og íkveikju en einnig skemmdarverk.

Mikilvægt er að hafa í huga að verkefnið er sífellt í þróun hvað varðar verk- og vinnulag en skilgreiningar hugtaksins eru ávallt hinar sömu. Þess má í lokin geta að bæði hafa ODIHR og Evrópunefnd gegn fordómum og umburðarleysi (ECRI) lýst ánægju sinni með þetta frumkvæðisverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og hvatt embættið áfram til góðra verka.

# Um jafnaðarstefnuna



Ellert B. Schram
varaformaður FEB í Reykjavík og nágrenni

Sennilega er mér eins farið og flestum öðrum, sem komnir eru til ára sinna, að líta um öxl og skoða líf sitt og reynslu. Og samfélagið allt. Fylgjast með breytingum nútímans og gildismati í hugsunum og skoðunum. Eitt af því sem vekur athygli mína eru skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokkanna, einkum þó sú þróun að flokkur jafnaðarmanna mælist með innan við tíu prósent fylgi, aftur og aftur. Spurningin er sú, í ljósi sögunnar, hvort Íslendingar séu að hafna þeim skoðunum og baráttu, sem sósíaldemókratar (jafnaðarmenn) hafa haft að sínu leiðarljósi.

Ég ætla aðeins að staldra við þessi tíðindi.

Saga og tilvera Alþýðuflokksins gamla og íslenskra jafnaðarmanna, sem og Alþýðubandalagsins, á sér rætur í því samfélagi, þar sem vinnandi fólki var haldið í fátæktargildrum, vistarböndum og réttleysi. Það var fyrir mína tíð þegar vökulögin voru sett og almannatryggingar innleiddar eða þegar elliheimili og verkamannabústaðir voru fyrst reist og byggðir. En þetta voru risastórir áfangar í sögu íslenskrar alþýðu. Svo var það fyrir framgöngu jafnaðarmanna að lífeyrissjóðir voru

**Viljum við láta þá stjórnmálaflokka deyja drottni sínum, sem hafa hingað til og hafa enn, lagt áherslu á jafnrétti og farsæld, ekki aðeins fyrir eldri borgara, heldur alla þjóðfélagsþegna, meðbræður, samferðarmenn og minnimáttar?**

löggiltir á sjöunda áratugi síðustu aldar og leiðrétt kjör og laun hinna vinnandi stétta. Öll þessi spor hefðu ekki verið stigin, nema fyrir baráttu þeirra stjórnmálafla sem létu sig varða jafnrétti og lífskjör alþýðu og almennings.

Nú spyr ég: Þurfum við ekki lengur á þeim sjónarmiðum að halda í pólitík nútímans? Til hvers erum við að kjósa alþingismenn og forystumenn í ríki okkar og landi, nema til að standa vörð um jöfnuð, gera vel við bágstadda, tryggja velferð og gefa fólki kost á að lifa mannsæmandi lífi?

Víst þarf stjórnmálaflokka sem hafa frelsi einstaklinga að leiðarljósi, flokka sem vilja samvinnu, flokka sem berjast fyrir náttúruvernd eða ýmiskonar sérhagsmunum, en undirstaða og grundvöllur ráðandi afla í þjóðfélaginu, hlýtur engu að síður að snúast um velsæld, farsæld og mannúð. Um jafnan rétt. Um afkomu og velferð allra.

### Utangarðs

Ég hef látið mig varða kjör og réttindi eldri borgara að undanförnu. Á þeim vettvangi blasa við þær staðreyndir að gamalt fólk er sniðgengið. Ekki allir, en alltof margir. Fólk sem hefur lagt af mörkum störf, þátttöku og krafta sína í uppbyggingu þess samfélags sem við öll eigum. Fólk sem tilheyrir okkur, er með okkur, er skylt okkur, er enn í samfélaginu okkar. Þessi hópur fer stækkandi, fjölgandi. En hann hefur verið utangarðs.

Viljum við að elsta kynslóðin sé afgangsstærð, þegar kemur að skiptingu fjár og athygli í nútímasamfélagi? Viljum við láta eldri borgara lognast út af og gleymast, hvort heldur í stjórnmálum eða dægurþrasi, fólkið, sem komið er til ára sinna? Viljum við láta þá stjórnmálaflokka deyja drottni sínum, sem hafa hingað til og hafa enn, lagt áherslu á jafnrétti og farsæld, ekki aðeins fyrir eldri borgara, heldur alla þjóðfélagsþegna, meðbræður, samferðarmenn og minnimáttar? Lífið gengur ekki út á það eitt að koma ár sinni fyrir borð og hugsa um sinn eigin rass. Látum þá hugsun áfram lifa og dafna, að sem flestir búi við farsæld og jafnræði og njóti lífsins allt til enda. Verum meðvirk, ekki gleyma því hlutverki okkar og skyldu, að hlúa að þeim sem minna mega sín. Til þess þurfum við stjórnmálaflokk, talsmenn og fylkingu í þágu allra sem vilja samkennd, jöfnuð og réttlæti eigi sér pólitískt líf.

Ekki gleyma sögunni. Ekki gleyma forfeðrum okkar og fortíðinni. Unga fólkinu og framtíðinni.

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 25% afsláttur

af öllum AEG vörum í nokkra daga

**TVEIR DAGAR EFTIR**




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18.
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM
Í SUMAR

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Carles Vilarrubí segist ekki geta ímyndað sér betri stað til að halda fyrsta kvennafótboltaskóla Barcelona en Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Litla rannsóknarstofan Ísland

**Spænski fótboltarisinn Barcelona er að stækka kvennaboltann innan félagsins og valdi Ísland til að hýsa fyrsta fótboltaskólann fyrir stelpur. Félagið berst við að halda gildum sínum á lofti. Þetta er Barcelona.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Spænski fótboltarisinn Barcelona tók ákvörðun á síðasta ári um að stækka hjá sér kvennafótboltann og auka hróður hans á alheimsvísu enda hugsar Katalóníufélagið allt út fyrir Spán og langt út fyrir Evrópu. Aðallið félagsins, sem var meistari fjögur ár í röð frá 2012-2015, var gert að atvinnumannaliði í fyrra og á dögunum fór fram fyrsti fótboltaskólinn fyrir stelpur á vegum Barcelona.

Staðurinn sem Börsungar völdu var Ísland en skólanum, sem var í samstarfi við Knattspyrnuakademíu Íslands, lauk í gær með veglegri lokahátíð. En af hverju Ísland? Því svaraði Carles Vilarrubí, varaforseti Barcelona, þegar Fréttablaðið settist niður með honum í Valsheimilinu í gær.

„Við erum heimsþekkt félag og þegar við förum af stað með nýtt verkefni eru spurningarnar þrjár: Hvað, hvar og af hverju. Hvað, að þessu sinni, er kvennafótboltinn. Af hverju? Því kvennafótbolti er alltaf að stækka úti um allan heim og á stærstu markaðssvæðunum eins og í Bandaríkjunum og í Evrópu. Hvar? Þessu var auðvelt að svara því ég gæti ekki ímyndað mér betri stað en Ísland til að hýsa fyrsta kvennafótboltaskólann okkar,“ sagði Vilarrubí.

Ísland er ekki stærsta fótboltaþjóðin eða sú fjölmennasta. Það er einmitt ein stærsta ástæðan fyrir því að Börsungar völdu Ísland. Kvenna- og karlalandsliðið hafa á síðustu þremur árum bæði náð í átta liða úrslit á EM og sýnt „heimsbyggðinni að það er hægt að vera á toppnum í fótboltanum þrátt fyrir að dansa á línunni á milli áhugamennsku og atvinnumennsku“ eins og Vilarrubí orðar það.

„Kvennafótboltinn er svo sterkur á Íslandi og í svona smærri löndum er hægt að búa til betri rannsóknarstofu ef þannig má að orði komast. Í rannsóknarstofu er horft á hlutina í smærra samhengi og með vökulla auga og þannig erum við að gera þetta á Íslandi,“ segir hann.

**Vilja auka vægi kvenna**

Vilarrubí segir enga pressu hafa verið á Barcelona að auka gildi kvennaboltans og gera aðallið kvenna að atvinnumönnum. Þetta var einfaldlega eitthvað sem þeir vildu gera á Nývangi til að auka hlut kvenna innan félagsins sem er nú þegar ansi gott.

„Við erum 140.000 meðlimi í Barcelona og af þeim eru 37.000 konur. Að fara á Nývang er eitthvað sem fjölskyldan gerir saman. Þess vegna viljum við ekki bara halda þessu jafnvægi karla og kvenna innan félagsins heldur auka vægi kvenna og það er áskorun fyrir okkur,“ segir varaforsetinn sem fer ekkert leynt með það, að þetta er einnig hluti af því að stækka Barcelona á heimsvísu til að afla meiri tekna.

„Það eru margar ástæður fyrir því að við fórum af stað með þetta verkefni og auðvitað er markaðsvæðing hluti af þessu. Því fleiri konur sem spila og því betri árangri sem þær ná fyrir okkur því fleiri treyjur verða seldar. Þetta eru líka viðskipti. Nike er að hanna treyjur fyrir kvennaliðið núna þannig þetta er eitthvað sem allir græða á; samfélagslega og fjárhagslega.“

> Við reynum eins og við getum að verja okkar gildi, meðal annars með svona fótboltaskóla eins og er í gangi hér á Íslandi.
>
> Carles Vilarrubí

> Á næsta ári mun atvinnumannalið kvenna hjá Barcelona koma í fótboltaskólann og spila leik.

Vilarrubí segir að fyrir 20 árum hafi kvennafótbolti varla verið til á Spáni en undanfarinn áratug hafi hann tekið stórstígum framförum og ekki síst vegna Barcelona. Þegar Katalóníurisinn fer af stað með eitthvað myndast samkeppni og allir vilja vera með.

„Kvennafótboltinn er líka alltaf að verða betri og þannig verður skemmtilegra að horfa á hann. Íþróttir verða að vera skemmtilegar og áhugaverðar þannig fólk komi að horfa,“ segir hann.

**Þetta er Barcelona**

Einkennisorð Barcelona eru Més que un club eða Meira en bara félag. Barcelona stendur fyrir ákveðnum gildum eins og metnaði og samvinnu sem ungir strákar, og nú vonandi stúlkur, alast upp við í hinum víðfræga La Masia-fótboltaskóla sem ól af sér leikmenn á borð við Gerard Pique, Sergio Busquets, Xavi, Andrés Iniesta og Lionel Messi.

Börsungar eru aftur á móti í vandræðum með ímynd sína núna. Tveir máttarstólpar liðsins, Javier Mascherano og Lionel Messi, eru nú dæmdir fjárglæframenn og þá hefur félagið einnig staðið í stappi í dómsal vegna kaupanna á Neymar. Það reynist Katalóníumönnum erfitt að verja gildi sín í dag.

„Vandamálið hjá okkur tengist ekki félaginu heldur fótboltanum í dag. Fótboltinn er í vandræðum. Það sem er í gangi eins og með peninga í boltanum í dag er auðvitað ekki líkt því sem var í gangi fyrir 50 árum,“ segir Vilarrubí og heldur áfram:

„Það er svo mikill peningur í fótboltanum í dag og hann býr til annað skrímsli. Sálin er að hverfa úr boltanum. Við, sem Barca, þurfum að sigla einhvers staðar á milli nýja og gamla tímans. Að vera jafnstórt félag og Barcelona er getur verið erfitt því auðvitað erum við í miðjunni á storminum. Fótboltinn er í vandræðum og því erum við að hluta til í vandræðum því við erum í hringiðunni.“

Eitt af því sem Börsungar vilja vera þekktir fyrir er að ala upp unga fótboltamenn og því er félagið mætt til Íslands til að kenna ungum stúlkum Barcelona-leiðina með það í huga að kannski spili kona fyrir Barcelona líkt og Eiður Smári spilaði fyrir karlaliðið.

„Við reynum eins og við getum að verja okkar gildi, meðal annars með svona fótboltaskóla eins og er í gangi hér á Íslandi. Það eru vandamál í fótboltanum og hlutirnir þurfa að breytast. Þetta sem við sjáum hérna fyrir utan gluggann er Barcelona. La Masia er Barcelona,“ segir Carles Vilarrubí.

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Fylkir - Þór/KA 0-2**
0-1 Sandra María Jessen (41.), 0-2 Sandra Stephany Mayor Gutiérrez (78.).

**ÍBV - FH 2-0**
1-0 Cloe Lacasse (2.), 2-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir, víti (58.).

**Stjarnan - KR 4-2**
1-0 Donna Kay Henry (36.), 2-0 Henry (49.), 2-1 Anna Birna Þorvarðardóttir (67.), 3-1 Harpa Þorsteinsdóttir (74.), 3-2 Anna Birna (79.), 4-2 Harpa (81.).
Rautt spjald: Ana Victoria Cate, Stjarnan (20.).

**Valur - Selfoss 5-0**
1-0 Dóra María Lárusdóttir (12.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (37.), 3-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (41.), 4-0 Margrét Lára (66.), 5-0 Arna Sif (83.).

**ÍA - Breiðablik 0-3**
0-1 Málfríður Erna Sigurðardóttir (68.), 0-2 Fanndís Friðriksdóttir, víti (85.), 0-3 Guðrún Arnardóttir (88.).

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. Breiðablik | 20 | 6. Selfoss | 9 |
| 2. Stjarnan | 19 | 7. Fylkir | 7 |
| 3. Valur | 17 | 8. FH | 7 |
| 4. Þór/KA | 14 | 9. KR | 6 |
| 5. ÍBV | 12 | 10. ÍA | 1 |

Er Sam Allardyce ekki bara alveg sami skólinn og Roy Hodgson? Eini munurinn er að Stóri Sam er frekar viðkunnanlegur náungi. #fotbolti

Andrés Jónsson
@andresjons

**Meistaradeild Evrópu í fótbolta**

**Dundalk - FH 1-1**
1-0 David McMillan (66.), 1-1 Steven Lennon (77.).

SJÖTTI BANDARÍSKI SIGURINN Í RÖÐ Á ROYAL TROON?

Opna breska meistaramótið í golfi hefst í dag en alla keppnisdagana verður bein útsending á Golfstöðinni. Mótið fer að þessu sinni fram á Royal Troon-vellinum í Skotlandi þar sem Bandaríkjamenn hafa fagnað sigri fimm sinnum í röð. Todd Hamilton vann mótið á Royal Troon þegar það fór síðast fram þar árið 2004, Justin Leonard lyfti Silfurkönnunni þarna 1997, Marc Calcavecchia bar sigur úr býtum 1989, Tom Watson var hlutskarpastur 1982 og Tom Weiskopf hóf bandarísku sigurgönguna á Royal Troon árið 1973. Jordan Spieth og Dustin Johnson eru líklegustu Bandaríkjamennirnir að þessu sinni en þeir munu fá harða samkeppni frá öllum bestu kylfingum heims sem eru vitaskuld mættir á þetta fornfræga og glæsilega risamót.



## Í dag

**08.00** **Opna bandaríska** Golfstöðin
**19.15** **KR - Grashopper** Alvogenv.

markhönnun ehf

# netto ALLT *fyrir* GRILLIÐ

-35% GOÐI
PÍTUBUFF M/BRAUÐI
6X60G
~~ÁÐUR: 1.598 KR/PK~~
**1.039** KR PK

-35% Holta
KJÚKLINGABORGARI
M/BRAUÐI - 2 STK
~~ÁÐUR: 598 KR/PK~~
**389** KR PK

-28% KJÖTSEL
NAUTABORGARAR
M/BRAUÐI - 4X90 G
~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~
**791** KR PK

-25%
NAUTA RIB-EYE
Í HEILU - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

-30%
DÁDÝRAVÖÐVAR
N. SJÁLAND - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~
**2.799** KR KG

-25% SS
LAMBALUNDIR
FROSNAR
~~ÁÐUR: 5.298 KR/KG~~
**3.974** KR KG

-32% KJARNAFÆÐI
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
NEW YORK
~~ÁÐUR: 2.198 KR/KG~~
**1.495** KR KG

-34% ÍSFUGL
KALKÚNASNEIÐAR
RED SALSA
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

-30%
LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI - FERSKAR
~~ÁÐUR: 2.974 KR/KG~~
**2.082** KR KG

-20% Holta
GRILL KJÚKL. LEGGIR
TEXAS STYLE
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~
**798** KR KG

MYLLU KANILSNÚÐAR
12 Í POKA
~~ÁÐUR: 296 KR/PK~~
**266** KR PK

LAYS SENSATIONS
2 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 379 KR/PK~~
**349** KR PK

ORGANIC PIZZA
2 TEG
~~ÁÐUR: 598 KR/STK~~
**498** KR PK

-20%
X-TRA 300 G
SÆLGÆTISBLANDA
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~
**349** KR PK

COOP COOKIES
SMARTIES/SÚKKUL.
~~ÁÐUR: 209 KR/STK~~
**199** KR PK

-20%
BAKE OFF SÚKKULAÐI-
BITAKÖKUR - 103 G
~~ÁÐUR: 199 KR/STK~~
**159** KR STK

BAKE OFF TOSCANA-
BRAUÐ - 550 G
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~
**358** KR STK

-50%
VÍNBERJATVENNA
500 G
~~ÁÐUR: 549 KR/STK~~
**275** KR STK

X-TRA SAFI
EPLA/APPELSÍNU 1,5 L
~~ÁÐUR: 299 KR/STK~~
**269** KR STK

COCA COLA
4 X 2L
~~ÁÐUR: 1.036 KR/PK~~
**989** KR PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 14. júlí – 17. júlí 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Hláturjóga og lifandi bókasafn á götuhátíð

**Jafningjafræðsla Hins hússins efnir til veglegrar uppskeruhátíðar í dag. Störfum hennar sem og listahópa á vegum Hins hússins lýkur á morgun.**

Nóg verður um að vera hjá Jafningjafræðslu Hins hússins í dag þegar efnt verður til árlegrar götuhátíðar.

Hátíðinni má líkja við nokkurs konar uppskeruhátíð Jafningjafræðslunnar og þeirra listhópa sem starfandi hafa verið í Hinu húsinu í sumar en boðið verður upp á tónlistar- og skemmtiatriði auk veitinga. Hátíðin er með stærra sniði nú en áður og má segja að nokkrar uppskeruhátíðir hafi verið sameinaðar í eina stóra og veglega götuhátíð.

„Þetta er smá eins og uppskeruhátíð og við krakkarnir í Jafningjafræðslunni sjáum um að skipuleggja hana," segir Ingveldur L. Gröndal, eitt þeirra ungmenna sem starfað hafa með fyrrnefndri Jafningjafræðslu í sumar.

Hátíðin fer fram í porti Hins hússins og segir Ingveldur að fjölmargir hafi kíkt við á undanförnum árum enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg. En meðal þeirra sem fram koma eru Friðrik Dór, Úlfur Úlfur og Rythmatik. Hin eina sanna Sigga Kling verður líka á svæðinu og spáir í spil fyrir áhugasama, hláturjóga, smokkakennsla og svokallað lifandi bókasafn. „Þá er ýmiss konar fólk sem kemur og talar, þá eru þau í rauninni bækurnar. Núna koma til dæmis Samtökin '78," segir Ingveldur.

Einnig verður boðið upp á mat og drykk og geta gestir meðal annars gætt sér á pylsum eða bylsum. Ingveldur segir skipulag hátíðarinnar hafa gengið vel og slá botninn í gott sumarstarf en störfum Jafningjafræðslunnar og listahópa á vegum Hins hússins lýkur á morgun. Jafningjafræðslan er skipuð ungu fólki og rekin af Hinu húsinu en hún býður upp á fræðslu sem mælir með heilbrigðum lífsstíl. Hugmyndafræði hennar er sú að ungur fræði ungan og eru því forvarnir þess unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk.




**Óðinn og Ingveldur hafa starfað á vegum Hins hússins í sumar. Óðinn hjá Götuleikhúsinu og Ingveldur hjá Jafningjafræðslunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Götuleikhús Hins hússins hefur einnig verið á fleygiferð í sumar og efnir til viðburðarins Vængjasláttur í dag. Götuleikhúsið hefur á föstudögum í sumar, líkt og fyrri sumur, staðið fyrir viðburðum undir yfirskriftinni Föstudagsfiðrildi en í dag verður lokahnykkurinn tekinn og verður leikhópurinn fyrir utan Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi. „Við verðum með grímukarakterana okkar og ætlum að bjóða fólki að leika með okkur," segir Óðinn Ásbjarnarson, einn af meðlimum leikhússins í sumar. Hann segir sumarið hafa verið skemmtilegt og góða stemningu ríkjandi í hópnum. Fyrir áhugasama þá hefst Vængjasláttur Götuleikhússins klukkan 16.00.

Götuhátíð Hins hússins fer líkt og áður segir fram í porti Hins hússins sem staðsett er í Pósthússtræti 3-5. Dagskrá hefst klukkan 15.00 og eru allir boðnir hjartanlega velkomnir.

**gydaloa@frettabladid.is**

---



Ástkær kona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Ólöf Geirsdóttir**
Skúlagötu 14, Borgarnesi,
lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi
laugardaginn 9. júlí . Útför hennar
fer fram frá Borgarneskirkju,
laugardaginn 16. júlí kl. 14.00.

**Þorvaldur Jósefsson**
**Guðlaug Örlaugsdóttir**
**Jósef Valgarð Þorvaldsson** — **Gunnþórunn Ingólfsdóttir**
**Þórdís Margrét Þorvaldsd.** — **Blængur Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Yndisleg eiginkona mín,
móðir okkar og dóttir,
**Soffía Guðmundsdóttir**
kennari og söngkona,
er látin.
Jarðarförin fer fram frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 20. júlí kl. 15.00.

**Sverrir Bergmann**
**Berglind Bergmann**
**Hanna Soffía Bergmann og**
**Sigríður Kristjánsdóttir**

---



Ástkær faðir minn,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Jóhannes Þórðarson**
fv. yfirlögregluþjónn,
Hverfisgötu 31, Siglufirði,
lést á hjúkrunarheimilinu Eir
þriðjudaginn 5. júlí. Útförin verður gerð frá
Siglufjarðarkirkju laugardaginn 23. júlí kl. 14.00.

**Soffía G. Jóhannesdóttir** — **Ólafur Kristinn Ólafs**
**Ólafía M. Guðmundsdóttir**
**Halldóra Sigurlaug Ólafs** — **Hobie Lars Hansen**
**Magnea Jónína Ólafs** — **Björgólfur Hideaki Takefusa**
**Jóhannes Már Jónsson** — **Halldóra Íris Sigurgeirsd.**
**Kjartan Orri Jónsson** — **Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Margrét Finney Jónsdóttir**
**Eydís Ósk Jóhannesdóttir, Anna Lilja Kjartansdóttir,**
**Jasmín Ósk Takefusa**

---



Yndislegi pabbi okkar,
**Sigurður Gíslason**
Akurgerði 10, Hóli,
Akranesi,
lést þann 10. júlí í faðmi ástvina sinna.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Seselia G. Sigurðardóttir** — **Svanur Guðrúnarson**
**Sandra Liv Sigurðardóttir** — **Hjalti Á. Þorleifsson**
**Jón Gísli Sigurðsson**

---



Elskuleg móðir okkar,
amma, dóttir og systir,
**Guðrún Vídalín**
Grýtubakka 28, Reykjavík,
lést laugardaginn 2. júlí á líknardeild
Landspítalans í Kópavogi. Útförin fór
fram í kyrrþey að hennar ósk.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar
og Karítas heimahlynningar. Þeim sem vilja minnast
Guðrúnar er góðfúslega bent á Minningarsjóð
líknardeildar í Kópavogi.

**Hreinn Vídalín**
**Atli Freyr Viðisson**
**Margrét Anna Hulduðóttir**
**Þórkatla Rós Atladóttir**
**Orri Freyr Atlason**
**Alma Huld Atladóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Yndislegi sonur okkar og bróðir,
**Hjalti Jakob Ingason**
sem lést af slysförum 1. júlí,
verður jarðsunginn frá Selfosskirkju
laugardaginn 16. júlí kl. 11.00.
Jarðsett verður í Stokkseyrarkirkjugarði.

**Ingi Þór Jónsson** — **Gunnhildur Rán Hjaltadóttir**
**Ída Þorgerður Ingadóttir**
**Lotta Þorbrá Ingadóttir**

---



Elsku besti eiginmaður minn, sonur,
pabbi okkar, tengdapabbi, afi og
tengdasonur,
**Gísli Benediktsson**
viðskiptafræðingur,
Tjarnarmýri 11, Seltjarnarnesi,
lést í faðmi ástvina á Landspítalanum
síðastliðinn þriðjudag. Útförin verður auglýst síðar.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á SPES barnahjálp,
reiknr. 342-26-2200, kt. 471100-2930.

**Eva María Gunnarsdóttir**
**Benedikt Antonsson**
**Davíð B. Gíslason** — **Brynhildur Þorgeirsdóttir**
**María Gísladóttir** — **Einar Kristinn Hjaltested**
**Eva Björk, Þorgeir Bjarki, Anna Lára, Benedikt Arnar**
**Hrefna María, Hrafnhildur, Karólína**
**Katrín Eva og Ari Gísli**
**Margrét Magnúsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Axel Guðmundsson**
rafeindavirkjameistari og
framkvæmdastjóri,
Vallargerði 2d, 600 Akureyri,
lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn
8. júlí á heimili sínu. Útför hans fer fram frá Akureyrar-
kirkju föstudaginn 15. júlí kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast
hans er bent á að styrkja Heimahlynningu Akureyrar.

**Guðbjörg Tómasdóttir**
**Magnús Axelsson** — **Stella Kristinsdóttir**
**Arna Axelsdóttir** — **Þórður Daníelsson**
**Guðmundur Tómas Axelsson** — **Jónína Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**Guðmundur Jón Matthíasson**
véltæknifræðingur,
frá Þingeyri,
lést á líknardeild LSH í Kópavogi
10. júlí. Útför hans fer fram frá
Grafarvogskirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 13.

**Margrét Jónsdóttir**
**Matthías Guðmundsson** — **Svanhildur Björk Jónsdóttir**
**Henrý Guðmundsson**
**Maríanna Hlíf, Jóel Kári og Aníta Björk**

60% AFSLÁTTUR

# the PIER

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# 20–70% AFSLÁTTUR*

**GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS**

***GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM**

Erum á Facebook • www.pier.is   Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880   Erum á Facebook • www.pier.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hægt vaxandi suðaustanátt og þykknar upp sunnanlands í dag, 8-18 metrar undir kvöld, hvassast syðst. Rigning sunnan- og vestanlands í kvöld, en annars skýjað. Hiti víða 10 til 17 stig.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 12° | 13° |
| ← 12 | ↙ 4 | ↖ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 9° |
| ← 8 | ← 13 | ↙ 3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 13° | 13° |
| ↑ 5 | ← 6 | ↖ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 12° | 13° |
| ↓ 7 | ↖ 4 | ↗ 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sælgæti
6. tveir eins
8. duft
9. pili
11. gelt
12. þyrping
14. urga
16. tveir eins
17. bókstafur
18. í viðbót
20. tveir eins
21. snjóföl

**LÓÐRÉTT**
1. starf
3. umhverfis
4. gróðrahyggja
5. hamfletta
7. endalaus
10. blaður
13. gerast
15. sál
16. starfsgrein
19. bókstafur




**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. ee, 8. mél, 9. rim, 11. gá, 12. klasi, 14. ískra, 16. ff, 17. enn, 18. auk, 20. dd, 21. gráð. **LÓÐRÉTT:** 1. verk, 3. um, 4. fégirnd, 5. flá, 7. eilífur, 10. mas, 13. ske, 15. andi, 16. fag, 19. ká.

### Skák Gunnar Björnsson

Á meistaramóti Noregs hefur átta ára strákur, Aksel Bu Kvaløy, stolið senunni. Sjá lok einnar skákar hans frá mótinu.

**38. Bxb5+!** (38. Df6 og 38. Ha7 vinna líka). **38...Bd7 39. Bc5 Hh7 40. Ha7! Dc8 41. e6! Rxe6 42. Hxd7 Dxd7 43. Bxd7+ Kxd7 44. Df6** og hvítur vann skömmu síðar. Kvaløy þessi hefur fullt hús í flokki 11 ára og yngri eftir 5 umferðir.
**www.skak.is:** Carlsen í Bilbaó.

**Hvítur á leik**






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR SMELLIR

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU* TÖLVUVERSLUN LANDSINS!

*Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016




GW100

### GPSKRAKKAÚR

**ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!**

Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1,22” LED lita snertiskjá, SOS takki fyrir neyðarsímtal og sms sendingu með staðsetningu

- 1.22” lita LED snertiskjár
- Allt að 15 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjaraklukku
- Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
- App í boði fyrir IOS og Android

**9.990**

EIN VINSÆLASTA SUMARGJÖFIN!




FIËSTA BT

### FIËSTABT

**PARTÝ HLJÓÐKERFI**

- Kraftmikill og hljómgóður 40W hátalari
- Innbyggð endurhlaðanleg rafhlaða
- Allt að 50 tíma spilun möguleg á hleðslu
- Allt að 10 metra drægni á bluetooth
- USB port til að hlaða öll helstu snjalltæki
- Hljóðnemi fylgir fyrir söngelska
- Allt að 5 tíma spilun á 100% hljóðstyrk

**19.990**

FIËSTA PRO AÐEINS 29.990




### UR23i

**FISLÉTT HEYRNARTÓL**

- Hágæða lokuð heyrnartól frá KOSS
- Kristaltær hljómur og þéttur bassi
- Stórir lokaðir og “ultra” mjúkir púðar
- Einstaklega þægileg D-laga hönnun
- Svarhnappur og hljóðnemi í snúru
- Einstaklega létt fyrir langtíma notkun
- 1.2 metra flöt flækjulaus snúra

**2.995**

FÆST Í 4 LITUM




### GTX1070

**G1 GAMING LEIKJASKJÁKORT**

- Nýjasta leikjaskjákortið frá Gigabyte!
- 8GB GDDR5 8 GHz 256-bit minni
- SUPER OC 1822Mhz og Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1920 CUDA cores og 120T.U. fyrir leiki
- 3x 8K DP 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

**89.990**

NÆSTA KYNSLÓÐ ER LENT!




CAR JUMP

### JUMPSTARTER

**FERÐARAFHLAÐA**

- Glæsileg 10000mAh ferðarafhlaða
- Hleður snjalltækin í gegnum USB tengi
- Með start köplum til að starta bílum
- Með öflugu LED ljósi og SOS ljósi
- Hægt að starta bílum og hlaða síma
- Getur hlaðið síma allt að 4 sinnum
- Tilvalinn í útileguna eða ferðalagið

**14.990**

FERÐARAFHLÖÐUR FRÁ 2.990




P743

### SPJALDTÖLVA

**HÖNNUÐ FYRIR YNGRI KYNSLÓÐINA**

Spjaldtölva fyrir yngri kynslóðina með öflugum örgjörva og hlíf sem ver tölvuna fyrir höggi, hágæða heyrnartól í stíl fylgja með ;)

- 7” LED fjölsnertiskjár 1024x600
- Quad Core 1.2GHz Cortex A8 örgjörvi
- MultiCore Mali 400MP 1080p 3D skjákjarni
- 8GB SSD pláss og allt að 32GB microSD
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær myndavélar 2MP og 0.3MP að framan
- Silicon varnarhlíf og ROCK 100 heyrnartól
- Android 4.4.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

**9.990**

FRÁBÆR FYRIR KRAKKANA;)




VERÐ FRÁ **2.490**

**ALLT AÐ 50% LÆKKUN**




TRIPLE USB **2.990**

**BÍLA HLEÐSLUTÆKI**




TRUST SELFIE **3.990**

**SELFÍ STÖNG**




FMT500 **6.990**

**FM SENDIR Í BÍLA**

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK




Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · Lenovo · hp · KOSS · BenQ · THONET & VANDER state.of.the.art.sound · Microsoft · intel Security

14. Júlí 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng



Anna Rún Tryggvadóttir myndlistarkona segist gefa efnunum hlutverk og svo taki þau við og fullmóti verkin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ég sæki í eitthvað sem getur komið mér á óvart

**Kvikefni er yfirskrift sýningar Önnu Rúnar Tryggvadóttur sem verður opnuð í Hverfisgalleríi á laugardaginn. Á sýningunni eru bæði vatnslitaverk og lifandi skúlptúr sem umbreytist á sýningartímanum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Næsta laugardag opnar Anna Rún Tryggvadóttir einkasýningu í Hverfisgalleríi undir yfirskriftinni Kvikefni. Anna Rún hefur áður haldið einkasýningar hérlendis og í Kanada en hún útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2004 og lauk mastersnámi í myndlist frá Concordia-háskólanum í Montreal árið 2014.

Ferill Önnu Rúnar hefur þó ekki verið alfarið bundinn við myndlistina en heimspeki og leikhús hafa einnig komið við sögu. „Já, eftir að ég kláraði myndlistina hér heima og áður en ég fór til Kanada 2009 fór ég í listfræði og heimspeki hérna heima. Sama ár byrjaði ég að taka hliðarskref inn í leikhúsið samhliða myndlistinni með Þorleifi Arnari Arnarssyni leikstjóra. Fyrst sem búningahönnuður og síðar fór ég einnig að hanna leikmyndir en ég hef aðallega unnið í leikhúsi í Þýskalandi og Sviss og reyndar sýnt líka í Noregi og svo unnið við tvær uppfærslur hér heima.

## Hliðstæður við leikhúsið

Ég er þó fyrst og fremst myndlistarmaður og hef verið að vinna við myndlist síðustu fimmtán ár þó svo ég hafi á þeim tíma haldið mörgum hliðardyrum opnum og þar á meðal leikhúsinu en nú er ég búin að vera að einbeita mér að myndlistinni síðastliðið eitt og hálft ár.

En vissulega hefur leikhúsið haft mikil áhrif á mig á þessum tíma. Aðallega áttaði ég mig á því hvað það voru miklar hliðstæður í myndlistinni minni og leikhúsinu að því leyti að ég er svo mikið að vinna sem eins konar leikstjóri eða valdhafi í myndlistinni sem ég framleiði. Ég er mikið að skoða stjórn og stjórnleysi sem er svipað því að vinna í leikhúsi þar sem maður vinnur með endalaust margar breytur sem maður hefur ekki fullkomna stjórn á.

Í rauninni fór ég að vinna meira meðvitað með það að stilla upp þeim efnum sem ég var að vinna með eins og ég væri að vinna með lítil sviðsverk eða performansa þar sem ég læt efnin vinna eða vera að vinna sjálf og opinbera þannig sína eiginleika. Ég svona gef þeim ákveðin hlutverk og svo taka þau við ekki ósvipað og gerist í leikhúsi."

## Söguþráður efnisins

Anna Rún hefur í gegnum tíðina sýnt bæði verk sem eru verk í ferli og mótun á meðan á sýningu stendur sem og endanleg verk en á sýningunni að þessu sinni gefst kostur

**EFNA SEM MUNU HALDA ÁFRAM AÐ UMBREYTAST EFTIR AÐ KLAKINN BRÁÐNAR.**

á að sjá hvort tveggja. „Sýningin sem ég er með núna kallast Kvikefni en það er eðlisfræðilegt hugtak yfir efni sem er á hreyfingu. Ég er að sýna bæði tvívíð vatnslitaverk og skúlptúr-innsetningu sem er raunverulega á hreyfingu, hann er lifandi, og samanstendur af ýmsum efnum og aðalaflvakinn er geometrísk form úr klökum sem virka sem aflvaki annarra efna. Efna sem munu halda áfram að umbreytast eftir að klakinn bráðnar."

Aðspurð hvort umrætt verk hafi ákveðinn lokapunkt segir Anna Rún að það sé einfaldlega við sýningarlok. „Þetta eru efni sem hafa mislangan líftíma en sum gætu lifað og haldið áfram að breytast mun lengur en sýningin stendur en önnur ekki. Ég er að vinna með lífræn efni og efni sem hafa líf í samstarfi við vatn, eins og svamp, leir og salt svo dæmi sé tekið. Svo er litur efni og stjórnun á forminu hefur verið að þróast í mínum verkum. Efnið hefur verið að ráða forminu en í hluta af teikningunum sem ég er að sýna núna er komin aðeins meiri stjórn og minni hending en ég er engu að síður að notfæra mér þessa eiginleika efnisins að stýra forminu og draga upp þess eigin söguþráð."



Tvö af verkum Önnu Rúnar á sýningunni Kvikefni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Miðlun upplifunar

Í verkum Önnu Rúnar hefur hún því ekki eiginlega stjórn á því hvernig endapunktur verksins er en hún segir að sér finnist þó miklu erfiðara að detta í það að daðra við fullkomna stjórn. „Það er í svo mikilli mótstöðu við það hvernig ég upplifi lífið og mig í lífinu. Ég sæki því í það í minni myndlist að finna aðstæður þar sem eitthvað utanaðkomandi getur komið mér á óvart og vakið innblástur hjá mér. En auðvitað er þetta að sama skapi ákveðin leit að jafnvægi á milli þess að leggja niður verk sem virkar sem einstaklingur og hefur áhrif á mig sem persónu og alla þá óvissu sem myndast í hver eitt sinn. Ekki ólíkt því sem við þekkjum í samskiptum við annað fólk. Þetta er þörfin fyrir það að reyna að miðla þessum djúpstæðu abstrakt upplifunum af því að vera manneskja og vera í samskiptum við aðra."


THE OPEN
14. - 17. JÚLÍ
Golfstöðin
Golfers
LEXUS
BORGUN
The Open er á Golfstöðinni!
Fylgstu með öllum bestu kylfingum heims á Opna meistaramótinu sem fer fram á The Royal Troon vellinum í Skotlandi.
Hver hreppir einn eftirsóttasta bikar í heimi í einu elsta og virtasta móti heims? The Open - 14. til 17. júlí á Golfstöðinni.
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS EÐA Í SÍMA 1817
365



Þau Katla, Blær, Þorvaldur Davíð og Ingvar E. fara með aðalhlutverk í myndinni ásamt Grímu Valsdóttur sem er ekki á myndinni.

# Fyrsta kvikmyndin í fullri lengd

**Verið er að taka upp kvikmyndina Svaninn um þessar mundir. Þetta er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem þær Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Ása Helga Hjörleifsdóttir koma að. Tökur munu standa yfir næsta mánuðinn.**

Í byrjun mánaðarins hófust upptökur á kvikmyndinni Svaninum sem byggð er á samnefndri verðlaunaskáldsögu Guðbergs Bergssonar. Kvikmyndin er sú fyrsta í fullri lengd sem Ása Helga Hjörleifsdóttir leikstýrir. Leikkonan Þuríður Blær Jóhannsdóttir, sem hefur látið til sín taka á sviði Borgarleikhússins í Njálu, stígur einnig sín fyrstu skref í kvikmynd af fullri lengd en ásamt henni er glæsilegur hópur stórleikara. Þau Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Ingvar E. Sigurðsson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir fara með hlutverk í myndinni en með aðalhlutverkið fer Gríma Valsdóttir.

Tökurnar á myndinni eru nýhafnar í Svarfaðardal á Norðurlandi og munu standa yfir í einn mánuð. „Þetta gengur rosa vel hjá okkur. Þetta er fyrsta myndin mín í fullri lengd og það er búið að vera ótrúlega skemmtilegt í vinnunni hjá mér. Það er líka dásamlegt að vinna með þessum leikurum. Þau eru öll svo flott og klár og það er gott að hafa svona teymi þar sem ég er að vinna að minni fyrstu mynd í fullri lengd,“ segir Ása, en hún hefur hingað til aðallega verið að leikstýra stuttmyndum.

„Þetta er töluvert meiri úthaldsvinna og maður þarf einhvern veginn að vera með langtíma plan og hugsa allt í þaula. Þrátt fyrir að þetta sé aðeins meira álag þá kemst þetta samt einhvern veginn inn í rútínuna. Kvikmyndasettið verður lítill heimur út af fyrir sig, sérstaklega þegar maður er úti á landi.“

Þuríður Blær er einnig að stíga sín fyrstu skref í kvikmynd af fullri lengd en hún fer með eitt af aðalhlutverkunum. Hún hefur áður leikið á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu. „Það er svo geðveik aðstaða hérna fyrir norðan og það er æðislegur mórall í hópnum. Það er samt mikill munur á að leika í kvikmynd og í leikhúsinu. Í leikhúsinu ertu að upplifa senurnar með öllum í salnum en hér þarf ég að gíra mig vel upp í rétta tilfinningu fyrir hvert atriði. Þetta er mjög verðugt og spennandi verkefni.“



Ása á fullu við að leikstýra uppi í sveitinni en tökur standa nú yfir. MYND/GUÐBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR

Þrátt fyrir að leikhópurinn verði fyrir norðan yfir hásumarið hafa allir nóg að gera fyrir utan tökustað. „Við í leikhópnum erum í heilsuátaki. Við tökum sjö mínútna jógaæfingu á hverjum morgni. Svo reynum við að drekka sítrónuvatn og lýsi á hverjum degi og þrífum munninn með kókosolíu á kvöldin. Við erum bara orðin eins og lítil fjölskylda,“ segir Blær.

gunnhildur@365.is

## Frumsýningar



### GHOSTBUSTERS

Spennu- og gamanmynd
Aðalhlutverk: Melissa McCarthy, Kristen Wiig, Kate McKinnon og Leslie Jones
Frumsýnd 20. júlí
IMDb 3,7/10
Rotten Tomatoes 75%



### STAR TREK BEYOND

Spennu- og ævintýramynd
Aðalhlutverk: Anton Yelchin, Idris Elba, Chris Pine, Zoe Saldana og Sofia Boutella
Frumsýnd 20. júlí



### NOW YOU SEE ME 2

Gamanmynd, hasar, þriller
Aðalhlutverk: Mark Ruffalo, Jesse Eisenberg, Woody Harrelson, Morgan Freeman, Lizzy Caplan, Daniel Radcliffe, Dave Franco og Michael Caine
Frumsýnd 14. júlí
IMDb 7,0/10
Rotten Tomatoes 33%



# ALLAR BEYGLUR Á 399 KR. STK.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat

Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á **dunkindonuts.is.**

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9

DUNKIN' DONUTS®











# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. JÚLÍ 2016



**Arctic Broken Consort spilar í Norræna húsinu í kvöld.**

### Tónlist

**Hvað?** Orgel, saxófónn og orðasalat
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Organistinn Lára Bryndís Eggertsdóttir efnir til tónleika á Alþjóðlegu orgelsumri ásamt danska saxófónleikaranum Dorthe Højland. Í stað hefðbundinnar efnisskrár fá áheyrendur í hendur nokkurs konar orðasalat með vísbendingum og segir Lára að allt komi í ljós áður en yfir lýkur. Miðaverð er 2.000 krónur og eru miðar seldir í anddyri kirkjunnar.

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaldalón, Harpa
Áheyrendur fá að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Fluttar verða perlur íslenskra sönglaga, þjóðlög, sálmar og ættjarðarsöngvar. Listrænn stjórnandi tónleikanna er Bjarni Thor Kristinsson. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Hjörleifur Valsson og Jónas Þórir Þórisson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Fiðluleikarinn Hjörleifur Valsson og píanóleikarinn Jónas Þórir Þórisson leika ljúfa tóna í Iðnó í kvöld. Farið verður um víðan völl og meðal þess sem er á efnisskránni er Vínar-, kvikmynda- og söngleikjatónlist. Auk þess sem íslenskar perlur munu einnig heyrast og á milli laga verða stuttar sögu sagðar. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Aron Óskars og hljómsveit
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hamrar, Menningarhúsið Hof
Tónlistarmaðurinn Aron Óskarsson kemur fram ásamt hljómsveit í kvöld. Leikin verður tónlist af fyrstu plötu Arons, Activisual. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Snorra Helgasonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Hljómsveitin Snorri Helgason fagnar útgáfu sinnar fjórðu plötu Vittu til á Húrra í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Rætur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholt
Norski sellóleikarinn Sigrun Eng sellóleikari pantaði tvö tónverk í þjóðlagastíl, eitt frá Nils Økland og annað frá Guðrúnu Ingimundardóttur, til að kanna hvort tónlistarhefðir Noregs og Íslands ættu eitthvað sameiginlegt. Á tónleikunum verða þessi tvö tónverk flutt ásamt tvísöngvum sungnum af kvæðakonunum Guðrúnu Ingimundardóttur og Svanfríði Halldórsdóttur. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Sumartónleikar í Skálholti.

**Hvað?** Arctic Broken Consort á Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Tónlistarhópurinn Artic Broken Consort efnir til sinna fyrstu opinberu tónleika í Artic Concerts-röðinni í Norræna húsinu í kvöld. Tónlistin sem hópurinn flytur er margvísleg, frumsamin en líka forn, endurunnin eða endurflutt, gömul og ný. Um blandaðan tónlistarhóp hljóðfæraleikara er að ræða og hver meðlimur hefur fjölþætt hlutverk. Allt efnið sem flutt verður er ættað af norðurslóðum og gefur það verkefninu sérstakt yfirbragð. Flytjendur eru Guðni Franzson klarínettuleikari, Eggert Pálsson hljómborðsleikari og Egill Jóhannsson gítarleikari. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Lily the Kid + Halldór Eldjárn
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
Rafpoppsveitin Lily the Kid kemur fram á Lofti hosteli í kvöld. Raftónlistarmaðurinn Halldór Eldjárn sér um upphitunina. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Markús í Havaríi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Havarí, Karlsstaðir, Djúpivogur
Tónlistarmaðurinn Markús Bjarnason spilar í Havaríi á Karlsstöðum í Djúpavogi í kvöld.

**Hvað?** Útgáfutónleikar: Emmsjé Gauti
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Nasa
Rapparinn Emmsjé Gauti fagnar útgáfu plötunnar Vagg&velta á Nasa í kvöld. Ásamt Gauta koma fram tónlistarmenn sem tekið hafa þátt í plötunni auk þess sem hljómsveit spilar með rapparanum. Um upphitun sér SXSXSX. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Purpendicular - Deep Purple heiðurstónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgata 6
Purpendicular flytur alla bestu slagara Deep Purple í Bæjarbíói. Miðaverð er 4.500 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Götuhátíð Jafningjafræðslunnar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5
Jafningjafræðsla Hins hússins heldur sína árlegu götuhátíð í porti Hins hússins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Kvöldganga um miðborgina: List í almenningsrými
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagata 17
Myndlistarkonan Ásdís Spanó og arkitektinn Hugrún Þorsteinsdóttir fara fyrir kvöldgöngu um miðborgina og spá og spekúlera í þeim fjölmörgu útilistaverkum sem skreyta hana. Gengið verður eftir Lækjargötu, upp Bankastræti og neðri hluta Þingholtanna. Leiðsagnirnar eru í boði Borgarbókasafnsins, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur. Frásögnin fer fram á íslensku, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Opnun Græna herbergisins
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargata 6a
Skemmtistaðurinn Græna Herbergið verður opnað með pompi og prakt í kvöld. Það eru þeir Jógvan Hansen, Vignir Snær og Friðrik Ómar sem eiga staðinn og munu þeir Jógvan og Vignir Snær leika og syngja eins og þeim einum er lagið á opnunarkvöldi staðarins. Allir velkomnir.

### Gjörningar

**Hvað?** Bergur Thomas Anderson: Lucky Seat
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Tónlistar- og myndlistarmaðurinn Bergur Thomas Anderson flytur fyrirlestrargjörning sinn Lucky Seat sem er hluti af rannsóknarverkefni sem hann vinnur að um þessar mundir. Í verkinu skoðar hann stefin nálægð, fjarlægð, sannleika og ferðalög út frá brotum úr þekktum kvikmyndum. Með því að skoða þekkta senur kvikmyndasögunnar er áhorfanda boðið að toga skjáinn út í raunveruleikann. Verkið er flutt á íslensku og miðaverð 2.000 krónur.

### Uppistand

**Hvað?** Andri Ívars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Uppistandarinn Andri Ívars verður á Café Rosenberg í kvöld. Uppistandssýning með tónlistarívafi þar sem Andri Ívars talar og syngur um þau málefni sem skipta hann mestu máli. Hljómborðsleikari er Jón Ingimundarson. Þorsteinn Guðmundsson hitar upp. Miðaverð er 2.000 krónur.



**Emmsjé Gauti fagnar útgáfu plötu sinnar Vagg&velta á Nasa í kvöld.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ERTU Á LEIÐ Í FERÐALAG?



# BÓNUS

## á sama verði um land allt

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Mosfellsbær | Akureyri |
| Kópavogur | Akranes | Egilsstaðir |
| Garðabær | Borgarnes | Selfoss |
| Hafnarfjörður | Stykkishólmur | Hveragerði |
| Reykjanesbær | Ísafjörður | Vestmannaeyjar |

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 **Simpson-fjölskyldan**
07.25 **Kalli kanína og félagar**
07.50 **Tommi og Jenni**
08.10 **The Middle**
08.35 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Jamie's 30 Minute Meals**
10.40 **Höfðingjar heim að sækja**
10.55 **Gulli byggir**
11.25 **Lífsstíll**
11.50 **Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
12.15 **Heimsókn**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The Crimson Field**
13.55 **Mr. Holmes**
15.45 **All the Right Moves**
17.15 **Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og sjötta þáttaröð þessa langlífasta gamanþáttar í bandarísku sjónvarpi í dag. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari.
17.40 **Bold and the Beautiful**
18.05 **Nágrannar**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Íþróttir**
19.10 **Friends** Þar sem aðeins fjórar vikur eru í brúðkaup Monicu og Chandlers ákveða þau að drífa í því að færa tilfinningar sínar í orð en komast að raun um að það er erfiðara en þau grunaði að skrifa hjúskaparheitin. Vinirnir átta sig einnig á því að komandi brúðkaup á eftir að breyta sambandi þeirra allra.
19.30 **The New Girl**
19.55 **Ég og 70 mínútur**
20.30 **Save With Jamie**
21.20 **Person of Interest** Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamanninn sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
22.05 **Tyrant**
22.55 **Containment** Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er sett í sóttkví Þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast í herkví en þá kemur hið sanna innræti fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
23.35 **Lucifer**
00.20 **Peaky Blinders**
01.15 **X-Company**
02.00 **NCIS. New Orleans**
02.40 **2 Fast 2 Furious**
04.25 **Joy Ride 3. Roadkill**
06.00 **The Middle**

## SPORT

07.45 **Pepsí deild kvenna 2016**
14.00 **Goðsagnir efstu deildar**
14.30 **Pepsí deildin 2016**
16.10 **Pepsímörkin 2016**
17.45 **Pepsí deild kvenna 2016**
19.25 **Goðsagnir efstu deildar**
20.00 **Premier League World 2015/2016**
20.30 **Sumarmessan**
21.15 **UFC Unleashed 2016**
22.00 **UFC Live Events 2016**
01.00 **Premier League World 2015/2016**

## STÖÐ 3

17.40 **Raising Hope**
18.05 **The Big Bang Theory**
18.25 **Modern Family**
18.50 **Fóstbræður**
19.25 **Entourage**
19.55 **Margra barna mæður**
20.30 **Hið blómlega bú**
21.05 **Burn Notice**
21.50 **Legit**
22.15 **NCIS. New Orleans**
23.00 **Fóstbræður**
23.30 **Entourage**
00.00 **Margra barna mæður**
00.30 **Hið blómlega bú**
01.05 **Burn Notice**
01.45 **Legit**
02.10 **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Ofurhundurinn Krypto**
07.25 **Strumparnir**
07.47 **Stóri og litli**
08.00 **Könnuðurinn Dóra**
08.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
08.47 **Ævintýraferðin**
09.00 **Áfram Diego, áfram!**
09.24 **Svampur Sveinsson**
09.49 **Lalli**
09.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
10.00 **Kalli á þakinu**
10.25 **Latibær**
10.48 **Hvellur keppnisbíll**
11.00 **Ofurhundurinn Krypto**
11.25 **Strumparnir**
11.47 **Stóri og litli**
12.00 **Könnuðurinn Dóra**
12.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
12.47 **Ævintýraferðin**
13.00 **Áfram Diego, áfram!**
13.24 **Svampur Sveinsson**
13.49 **Lalli**
13.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
14.00 **Kalli á þakinu**
14.22 **Latibær**
14.45 **Hvellur keppnisbíll**
15.00 **Ofurhundurinn Krypto**
15.25 **Strumparnir**
15.47 **Stóri og litli**
16.00 **Könnuðurinn Dóra**
16.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
16.47 **Ævintýraferðin**
17.00 **Áfram Diego, áfram!**
17.24 **Svampur Sveinsson**
17.49 **Lalli**
17.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
18.00 **Kalli á þakinu**
18.22 **Latibær**
18.45 **Hvellur keppnisbíll**
19.00 **Litla stóra Pandan**



10.25
14.22
18.22
**Latibær**

## GOLFSTÖÐIN

08.00 **The Open Championship 2016**
19.00 **Inside The PGA Tour 2016**
19.25 **The Open Championship 2016**

## BÍÓSTÖÐIN

11.20 **Get Low**
13.05 **Dolphin Tale**
14.50 **The Other Woman**
16.40 **Get Low**
18.25 **Dolphin Tale**
20.10 **The Other Woman** Cameron Diaz leikur lögræðinginn Carly í þessari stórskemmtilegu rómantísku gamanmynd frá 2014. Hún telur sig eiga hinn fullkomna unnusta en kemst svo að því að hann leikur tveimur skjöldum, hann er nefnilega harðgiftur. Hún er þó ekki ein um að átta sig á svikseminni því eiginkonan er líka komin á sporið. Þær ákveða að taka hönum saman og hefna sín á honum í sameiningu. Fyrst þurfa þær að finna auman blett á honum og það reynist auðvelt því hann er auðvitað með aðra hjákonu í takinu. Með þær þrjár í hefndarhug á eiginmaðurinn/unnustinn hreint ekki von á góðu.
22.00 **This is Where I Leave You**
23.45 **Non-Stop**
01.35 **The Cabin in the Woods**
03.10 **This is Where I Leave You**

## RÚV

17.05 **Violetta**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Eðlukrúttin**
18.15 **Best í flestu**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Vinur í raun**
20.00 **Lottóhópurinn**
21.00 **Hamarinn**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Glæpaheigð**
23.05 **Indian Summers**
23.55 **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

00.35 **The Catch**
01.20 **How To Get Away With Murder**
02.05 **Chicago Med**
02.50 **Satisfaction**
03.35 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
04.15 **The Late Late Show with James Corden**
04.55 **Pepsi MAX tónlist**
06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **Rules of Engagement**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **America's Next Top Model**
09.45 **Hotel Hell**
10.30 **Pepsi MAX tónlist**
11.55 **The Biggest Loser - Ísland**
12.50 **Dr. Phil**
13.30 **Telenovela**
13.55 **Survivor**
14.40 **Patch Adams**
16.35 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
17.15 **The Late Late Show with James Corden**
17.55 **Dr. Phil**
18.35 **Everybody Loves Raymond**
19.00 **King of Queens**
19.25 **How I Met Your Mother**
19.50 **Casual**
20.15 **BrainDead**
21.00 **The Catch**
21.45 **How To Get Away With Murder**
22.30 **The Tonight Show with Jimmy Fallon**
23.10 **The Late Late Show with James Corden**
23.50 **Harper's Island**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**ÉG OG 70 MÍNÚTUR**
Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum. Hver man ekki eftir falinni myndavél, ógeðisdrykkjum og kvikindislegum áskorunum!

FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




**TYRANT**
Þriðja serían af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið Austurlöndum. Fyrri þáttaraðir eru á Stöð 2 Maraþon.

**SAVE WITH JAMIE**
Sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengan og girnilegan mat á ódýran hátt. Stórskemmtilegir matreiðsluþættir!



**PERSON OF INTEREST**
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**THIS IS WHERE I LEAVE YOU**
Dramatísk gamanmynd sem segir sögu Altman fjölskyldunnar þegar þau koma saman eftir andlát fjölskylduföðursins.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is



Gegnheil gæði í Múrbúðinni!
3.495kr. m²
EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket, 18,8x187,5 cm
EUROWOOD
EUROWOOD 8mm harðparket. TWO STRIP, bandsöguð áferð 19,3x138 cm
1.995kr. m²
AC4
EUROWOOD KIBO EIK „Smoked“, Planki 12 mm, Grá 18,8x184,5 cm
3.495kr. m²
AC5
Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
6.990
DEKA PROJEKT 10
EUROWOOD KIBO EIK, Planki 12 mm, Gráhvít 18,8x184,5 cm
3.495kr. m²
AC5
EUROWOOD Eik bandsöguð áferð 1215x194x8,3 mm
1.890kr. m²
AC4
Deka Projekt 05, 10 lítrar (stofn A)
6.195
DEKA PROJEKT 5
Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm
1.665kr. m2
AC4
BATHCO handlaug kr. 17.990
Mikið úrval flísa
IDO WC með hæglokandi setu kr. 49.990, glerþil kr. 19.990
GUOREN
the bathco
wineo
CERAVIVA
IDO
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Reykjavík Klettháls 7 Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Hættur öllu helvítis væli

**Snorri Helgason** gefur í dag út nýja plötu, Vittu til, sem hann segir glaðlegri en fyrri verk og spegla persónuleika sinn betur.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



*Hvernig var vinnan bak við plötuna, hvort var þetta auðvelt og stutt ferli eða langt og erfitt ferli?* „Ekki beint erfitt en það var langt, ég tók þetta í lotum í næstum tvö ár, frá apríl 2014 þangað til núna í vor. Við tókum rispu og síðan lá hún aðeins í dvala á meðan við vorum að pæla í henni, síðan aftur og aftur þangað til að við kláruðum hana."

*Er eitthvað nýtt í gangi hjá þér á plötunni?* „Augljósasti munurinn er að hún er öll á íslensku, þessi plata. Ég er búinn að vera að syngja á ensku síðustu þrjár plötur – ég er ekkert búinn að syngja á íslensku almennilega síðan ég var í Sprengihöllinni. Þetta er líka að einhverju leyti poppaðra – við erum með mikið af strengjum og blástursshljóðfærum, meiri síkadelískur sólvæb í gangi frekar en þetta folkvæl sem ég hef verið að vinna með. Þetta er meira „upbeat"."

*Af hverju skiptir þú yfir í íslenskuna?* „Ég lenti í smá krísu, ég fékk ógeð á þessu djöfulsins væli sem ég var með á síðustu plötu. Ég var búinn að fá leiða á þessu mjúka kassagítarsdæmi. Við túruðum og spiluðum rosalega mikið og ég fann mig kominn á einhvern stað þar sem ég nennti ekki að klára hugmyndirnar sem ég fékk í hausinn á mér. Svo var einn gúrú – hann er kallaður Siggi Rallý. Hann er gamall vinur minn, vann með mér í Orkuveitunni þegar ég var að vinna þar sem unglingur. Hann er alltaf einhvern veginn á kantinum á senunni. Hann gerir við bílana okkar t.d., svo er hann alltaf með geggjaða speki. Hann kom líka á tónleika með mér þegar ég var að klára síðustu plötu og sagði að þetta væri „geggjað nice" en að ég yrði að hætta þessu væli. Ég er bjartsýnn og ánægður maður þannig að það meikar engan sens að ég sé alltaf að þessu djöfulsins væli. Núna er ég að gera það sem mér finnst spegla persónuleika minn betur. Það er rosalega mikil vinna að breyta um tungumál og breyta um nálgun – það tók mikla vinnu."

*Eru einhver sérstök umfjöllunarefni eða þemu í gangi á plötunni?* „Ég var að hugsa þetta um daginn; hvort það væri einhver saga og þá fór ég að pæla – ég var búinn að vera að hlusta mjög mikið á íslenska tónlist sem ég fíla, Spilverkið, Stuðmenn og Hrekkjusvínin, og ég held að það hafi svolítið mikið seytlað inn, sérstaklega þegar ég fór að gera íslenska texta þá fór ég svolítið mikið að sækja í svoleiðis tónlist. Ég held að það hafi skilað sér í gegn – að einhverju leyti er ég að velta mér upp úr íslensku poppsögunni, það er að minnsta kosti arða af þeirri arfleifð á þessari plötu. Umslagið er náttúrulega vísun í fyrstu plötuna með Spilverkinu; fyrsta Spilverksplatan er pappakassi með handskrifuðum stöfum á, það er gert mjög meðvitað – ég „namedroppa" Valgeir Guðjónsson meira að segja – það er einhver taug sem liggur í poppsöguna á þessari plötu."

**ÉG LENTI Í SMÁ KRÍSU, ÉG FÉKK ÓGEÐ Á ÞESSU DJÖFULSINS VÆLI SEM ÉG VAR MEÐ Á SÍÐUSTU PLÖTU. ÉG VAR BÚINN AÐ FÁ LEIÐA Á ÞESSU MJÚKA KASSAGÍTARSDÆMI.**

*Þú ert kominn með band á bak við þig, hvaða fólk er í hljómsveitinni?* „Það eru Guðmundur Óskar bassaleikari sem er í Hjaltalín og fleiru, Magnús Trygvason Eliassen, trommuleikari Íslands, Hjörtur Ingvi sem er líka í Hjaltalín – hann gerir líka allar strengja- og blástursútsetningar fyrir plötuna og svo er það Örn Eldjárn og Daníel Friðrik Böðvarsson sem eru á gítar, Valdimar Guðmundsson á blástur og bakraddir og svo Mr. Silla sem syngur."

*Þannig að Snorri Helgason er núna hljómsveit, hvernig er það að vera orðinn að hljómsveit?* „Við urðum að hljómsveit og síðan var skrítið að breyta um nafn. Ég sem grunninn að öllum lögunum og síðan berjum við þetta saman sem hljómsveit. Við Guðmundur Óskar erum mest í því – hann í raun pródúseraði plötuna, stærstan partinn af henni, hann byggði upp lögin með mér. Síðan er náttúrulega Hjörtur og hans útsetningar sem gerðu alveg helling. Þessi plata er algjört samstarfsverkefni."

Snorri mun svo fagna útgáfunni með tónleikum á Húrra í kvöld. Þar verður öll platan spiluð í gegn, brassband með og hellings húllumhæ.



Snorri segir nýju plötuna hressari en fyrri plötur og endurspegla betur þá ánægju og bjartsýni sem hann býr yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hitar sjálf upp fyrir tónleika sína

Tónlistarkonan Moji Abiola er stödd hér á landi til þess að leggja lokahönd á nýjustu breiðskífu sína og til þess að taka upp tvö tónlistarmyndbönd. Plötuna vinnur hún í samstarfi við Bjarna M. Sigurðarson, sem áður var kenndur við Mínus, og Frosta Jón, úr hljómsveitinni Klink. Á nýju plötunni breytir Moji aðeins um stefnu en hún lagði áður áherslu á djass og fönk en nú hefur hún snúið sér að blús.

„Þó að lögin séu mjög hrá þá er mikil sál í þeim og þau eru hreinskilin. Þó svo að blús sé frekar gamaldags tónlistarstefna þá tel ég að við höfum náð að gera okkar útgáfu í takt við það sem er að gerast í heiminum í dag. Þetta er okkar eigið efni og við erum ekki að apa eftir neinum," segir Moji.

**ÞRÁTT FYRIR AÐ LÖGIN SÉU MJÖG HRÁ ÞÁ ER MIKIL SÁL Í ÞEIM OG ÞAU ERU HREINSKILIN.**

Þetta er í þriðja skiptið sem Moji kemur hingað til lands en hún er orðin ansi hrifin af landi og þjóð. Hún hyggst gefa út plötu sína fyrst hér á landi og á netinu áður en hún ferðast með hana um Evrópu. „Ég hef búið lengi í Houston í Texas en var einnig lengi í Evrópu. Svo bjó ég með stórfjölskyldunni í Nígeríu í nokkur ár. Ég nýti mér þó texasmenninguna í kringum viskí og „BBQ" mest þegar ég sem lögin mín."

Hún kemur fram á tónleikum á Gauknum í kvöld og hitar sjálf upp með eigin DJ-setti. „Mér finnst gaman að gefa fólki smjörþefinn af því hver ég er og hvernig stemningin er í kringum tónleikana mína."



Moji er nú hér á landi en hún vinnur náið með Bjarna og Frosta Jóni. MYND/SAGA SIG





# LAGERHREINSUN

## 50% afsláttur

af öllum útiblómum
og útiplöntum









BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is








**Diskóboltarnir í Boogie Trouble eru ávallt hressir og kátir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Diskó útgáfur af smellum Helga Björns

Helgi Björns og diskóboltarnir í **Boogie Trouble** munu sameinast í eina kvöldstund á Innipúkanum og ætla að taka diskó-rokk-bræðingsútgáfur af nokkrum af ótal smellum úr smiðju Helga Björns.

Mér finnst það bara mjög spennandi. Þetta verður diskó-rokk-sveifla, góður bræðingur og lögin sett í dúndrandi stuðstemmingu," segir söngvarinn Helgi Björnsson, eða Helgi Björns, um hvað honum finnist um þennan óvænta sambræðing, en hann hvílir sig úti á Ítalíu um þessar mundir og verður því áreiðanlega búinn að koma sér í ákaflega góðan gír fyrir Innipúkann þangað sem hann mætir úthvíldur og ferskur beint í dúndrandi stuð með krökkunum í diskósveitinni Boogie Trouble – en þau gáfu nú nýlega út sína fyrstu plötu, Í bænum.

Innipúkinn fer fram um verslunarmannahelgina og hefur gert síðan árið 2002. Í ár verður eins og önnur ár allt pakkað af íslenskum hljómsveitum, þarna verða bæði vinsælustu bönd landsins sem og ungar og efnilega hljómsveitir sem hafa kannski ekki fengið að spreyta sig jafn mikið. Á Innipúkanum hefur líka myndast stemming fyrir því að leiða saman þessa tvo póla – þekktur eldri listamaður, goðsögn í bransanum, spilar með ungu tónlistarfólki, verðandi goðsögnum. Á hátíðinni í fyrra var það Jakob Frímann Magnússon sem kom fram ásamt reggíkrökkunum í Amabadama, árið 2012 var það Moses Hightower og Þú og ég sem sameinuðu kraftana og 2011 voru það Valdimar og Eyjólfur Kristjánsson sem leiddu saman hesta sína af þessu tilefni.

„Ég hef nú spilað með einhverjum meðlimum sveitarinnar áður í hinum og þessum verkefnum – en ekki sem hljómsveitinni Boogie Trouble, þannig að það er mikið tilhlökkunarefni að blanda þessu saman. Þetta er flott plata sem þau voru að gera – þetta verður skemmtileg samsuða og við ætlum að halda uppi stuði og stemmingu.

„Ég vænti þess að eitthvað af mínum eldri lögum verði sett í skemmtilegan búning og svo kem ég til með að syngja eitthvað af þeirra lögum líka. Þetta verður aðallega mitt efni í gegnum tíðina, bæði nýtt og gamalt. Við erum að kasta á milli okkar hugmyndum og setja saman lagalista. Við erum ekki byrjuð að æfa enn þá en það verður að sjálfsögðu gert í tæka tíð. Við erum bara að vinna þetta í gegnum tölvuna eins og er," segir Helgi sem lætur það greinilega ekki stöðva sig að hann er staddur erlendis og situr væntanlega í sólinni á Ítalíu og útsetur diskóútgáfu af laginu Húsið og ég. **stefanthor@frettabladid.is**

**ÞETTA VERÐUR DISKÓ-ROKK-SVEIFLA, GÓÐUR BRÆÐINGUR OG LÖGIN SETT Í DÚNDRANDI STUÐSTEMMINGU.**



**Goðsögnin Helgi Björns ætlar að sveipa nokkur af sínum helstu lögum diskóljóma fyrir Innipúkann.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo. Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar



Frosta Logasonar

## Stóra myndin

Þegar stjörnufræðingarnir Galíleó og Kópernikus sannfærðust um sannleiksgildi sólmiðjukenningarinnar voru ekki margir sem tóku þá alvarlega. Nú á dögum eigum við einnig marga andans menn sem fávísan lýðinn skortir vitsmuni til þess að skilja. Sumir þessara framsæknu hugsuða hafa til dæmis reynt að benda okkur á að í raun séu það alþjóðleg lyfjafyrirtæki sem framleiði sjúkdóma. Þau haldi líka aftur af þróun læknavísinda til þess að almenningur nái aldrei fullri heilsu. Öðruvísi geta þau ekki lengur grætt á því að selja okkur lyf.

Við lokum augunum fyrir augljósum staðreyndum eins og þeirri að það sé fámennur hópur zíonískra frímúrara sem ákveður atburðarás heimsmála. Það gera þeir á árlegum fundi Bilderberg-samtakanna og almenningur hefur ekkert um örlög sín að segja. Menn hafa reynt að opna augu almennings fyrir því hvernig stjórnvöld stýra hugsunum okkar með eitrun vatnsbóla. Hvernig tungllendingarnar voru vel plottað leikrit og ljósmyndirnar þaðan ekki teknar í hundruð þúsund kílmetra fjarlægð frá jörðu heldur í myndveri í Hollywood.

Bent hefur verið á að efsta lag þjóðfélagsins – þjóðhöfðingjar og leiðtogar – séu í raun og veru geimverur. Eðlukennd skriðdýr sem dulbúa sig sem manneskjur til þess að drottna yfir mannkyninu. Þið haldið þó ekki að tilviljun ein ráði því að merki Framsóknarflokksins sé eðlugrænt á lit? En sorglegast af öllu þessu er blinda fólks á hinn sjálfgefna sannleika um 11. september. Auðvitað var það heimatilbúin árás fyrirskipuð af ríkisstjórn George W Bush. Kynnið ykkur þetta bara. Þetta er allt á Youtube.










# NÚ ER TÍMINN!

SKJÓLVEGGUR OG PALLUR




## GAGNVARIN FURA

### PALLURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 1.890 kr./m² | 189 kr./lm* |
| | | Almennt verð: 2.150 kr./m² / 215 kr./lm* | |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.960 kr./m² | 245 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.178 kr./m² | 325 kr./lm* |

### SKJÓLVEGGURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 94 kr./lm | |
| 0059253 | 22x70 mm. | 156 kr./lm | |
| 0058254 | 22x95 mm. | 166 kr./lm* | Almennt verð: 185 kr./lm. |
| 0058255 | 22x120 mm. | 247 kr./lm | |

### GRIND OG UNDIRSTAÐA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 182 kr./lm* | |
| 0058504 | 45x95 mm. | 271 kr./lm* | Almennt verð: 295 kr./lm. |
| 0058506 | 45x145 mm. | 485 kr./lm* | |
| 0059954 | 95x95 mm. | 629 kr./lm* | Almennt verð: 715 kr./lm. |

*4,5 m og styttra.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda til og með 25. júlí eða á meðan birgðir endast. Sjá nánar um vaxtalaust lán á byko.is.

## PALLALEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

Sjá nánar á www.byko.is




Vertu með!

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 22. júlí.

byko.is

REIKNAÐU ÚT EFNISMAGN Í GIRÐINGUNA OG PALLINN Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN